

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 30. júní 2022

Mál nr. S-6022/2021:

## Ákærvaldið

(Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

**Björgvin Sigmari M. Ómarssyni**

(Jónas Örn Jónasson lögmaður)

## Dómur

### I.

#### Ákæra, dómkröfur o.fl.:

Mál þetta, sem var dómtekið 21. júní 2022, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 4. janúar sama ár, á hendur Björgvin Sigmari M. Ómarssyni, kt. [...], [...], Reykjavík, „fyrir eftirtalin hegningar- og sérrefsilagabrot:

- Stórfellt brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni, A, kt. [...], með því að hafa, á tímabilinu 7. - 10. ágúst 2019, á þáverandi heimili þeirra að [...] í Reykjavík, veist að henni með ofbeldi, rífið í hana, gripið í vinstri handlegg hennar og kastað henni til og frá um íbúðina, kýlt hana ítrekað í höfuð og líkama með krepptum hnefa svo að A féll í gólfið í anddyri íbúðarinnar, og þar traðkað á líkama hennar og kýlt hana ítrekað í höfuð, líkama og hendur þegar hún bar þær fyrir höfuð sitt þar sem hún lá í gólfinu, öskrað á hana að þegja, tekið fyrir munn hennar og tekið hana kverkataki, allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar í kringum hægra auga, bæði yfir neðra og efa augnloki, fleðursár undir vinstra auga, opið sár á vanga og kjálkaliðssvæði, mar utan á hálsi vinstra megin, mar vinstra megin á baki, mar víðsvegar á vinstri upp- og framhandlegg, mar víðsvegar á hægri upp- og

framhandlegg, mar víðsvegar á hægra læri og niður á sköflung, mar víðsvegar á vinstri fótlegg og skrapsár á sköflungi.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Stórfellt brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni, A, kt. [...], með því að hafa, sunnudaginn 12. júlí 2020, á þáverandi heimili þeirra að [...] í Reykjavík, veist að henni með ofbeldi, rífið í hár hennar, slegið höfði hennar utan í vegg, skellt henni í rúmið og sest ofan á hana, kýlt hana ítrekað með krepptum hnefa víðsvegar í líkamann, andlitið og höfuð, potað með fingri sínum í vinstra auga hennar, tekið hana kverkataki, tekið kodda og sett fyrir vit hennar, hótáð henni lífláti og líkamsmeiðingum, rífið niður kertastjaka sem áfastur var á vegg við rúm þeirra og lamið hana með kertastjakanum í höfuð og tvívegis í vinstra læri, allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar á hvirflinum, enninu, hægra eyranu, hálsinum, hægri framhandleggjum, hægri upphandleggjum, hægri öxlinni, vinstri hendinni, vinstri framhandleggnum og vinstri upphandleggnum, hægri hlið brjóstkassans, vinstri hluta brjóstsins, vinstra brjóstinu, hægra brjóstbakinu, hægri flankanum, mjóbakinu, hægri fótleggjum, hægra hnénu, hægri mjöðminni, vinstri fótleggjum, vinstra lærinu og vinstri mjöðminni, punktablæðingar í slímhúðum augnanna, skrámur á vinstra gagnaugasvæðinu, hálsinum, hægri framhandleggjum, vinstra handarbakinu, hægri hlið brjóstkassans, vinstra brjóstbakinu og mjóbakinu, mar á hægra lunganu, mar með sári á innanverðri vörinni, slímhúðarsár á neðri vörinni, skrámu á nefinu með undirliggjandi nefbroti og þrota yfir hægra kinnbeininu og vinstri neðri kjálkanum.

Mál nr. 007-2020-[...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Aðallega tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar en til vara fyrir hótun og hættubrot, með því að hafa, föstudagskvöldið 3. júlí 2020, utandyra í bakgarði skemmtistaðarins [...] að Laugavegi í Reykjavík, að minnsta kosti tvisvar sinnum reynt að stinga B, kt. [...], með hnífi, en B náði að víkja sér undan sveiflunni og

þannig koma í veg fyrir að verða fyrir líkamstjóni. Með háttseminni stofnaði ákærði á ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu B í augljósan háska, en háttsemin var til þess fallin að vekja upp hjá B ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð.

Mál nr. 007-2020-[3...]

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 233. gr. og 4. mgr. 220. gr. sömu laga.

4. Brot gegn lögreglulögum með því að hafa, á sama tíma og greinir í 3 lið ákæru, er lögregla hafði afskipti af ákærða, sýnt af sér ógnandi hegðun og óhlýðnast ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að nema staðar og leggjast niður.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst þetta varða við 19. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

5. Fíkniefnalagabrot með því að hafa á sama tíma og greinir í 3 lið ákæru, haft í vörslum sínum, í sölu- og dreifingarskygni, 13,63 g af amfetamíni [...], sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á.

Mál nr. 007-2020-[...]

Telst þetta varða við 2. og 3. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

6. [...].

7. [...].

8. [...].

9. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, sunnudaginn 23. maí 2021, haft í vörslum sínum 18 töflur af óþekktum læknislyfjum, 1 töflu af lyfinu mogadon og 5 töflur af lyfinu broman sandoz.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst þetta varða við 2. og 3. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

10. [...] [Hylmingu] með því að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 10. júní 2021, utandyra við [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum reiðhjól af gerðinni CUBE sem ákærða hlaut að hafa verið ljóst að um þýfi hafi verið að ræða og þannig haldið reiðhjólinu ólöglega fyrir eigandanum.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst þetta varða við [...] 1. mgr. 254. gr. [almennra hegningarlaga nr. 19/1940].

11. Brot gegn lögreglulögum með því að hafa, á sama tíma og greinir í 10 lið ákæru, ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að færa sig frá lögreglu á vettvangi, gripið í þýfið og ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að sleppa takinu á þýfinu, og leitast við að hindra lögreglu við rannsókn á þýfinu.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst þetta varða við 19. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

12. Húsbrot og eignaspjöll með því að hafa, laugardaginn 19. júní 2021, í heimildarleysi ruðst inn í hjólageymslu að [...] í Reykjavík, með því að spenna útidyrhurðina upp með skrúfustykki, en afleiðingar þessa voru þær að skemmdir urðu á útidyrhurðinni og hurðarkarminum, samtals tjón að fjárhæð 400.000 krónur.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

13. Þjófnað og nytjastuld með því að hafa, laugardaginn 3. júlí 2021, í heimildarleysi farið inn í búningaraðstöðu [...] og skrifstofu [...], [...] [...] að Vatnsmýrarvegi í Reykjavík, og stolið þaðan blárri úlpu merktri [...] og kassa er innihélt fjóra kveikjulásalykla af bílaleigubifreiðum í eigu [...], að verðmæti samtals 400.000

krónur. Í kjölfarið tók ákærði bifreiðina [...], sem lagt hafði verið á bifreiðastæði framan við [...], og ók henni heimildarlaust sem leið lá að reiðstíg við Vatnsenda í Reykjavík, þar sem ákærði lagði bifreiðinni og fór á brott.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

14. Þjófnað með því að hafa, á milli kl. 19:00 sunnudaginn 4. júlí 2021 og kl. 13:00 mánudaginn 5. júlí 2021, brotist inn í sumarbústað að Elliðavatnsblett [...] í Reykjavík, og stolið þaðan tveimur flíspeysum og einum flísbuxum af gerðinni 66° Norður, úlpu af gerðinni Marmot, sjónauka af gerðinni Buchnell og flösku af ferskjulíkkjör, allt að óþekktu verðmæti.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

15. Brot á sóttvarnarlögum með því að hafa, fimmtudagsmorguninn 16. september 2021, yfirgefið sóttvarnarhúsið að Rauðarárstíg í Reykjavík, en honum bar skylda til að dvelja þar frá 9. – 21. september 2021 vegna staðfests COVID-19 smits og fylgja þeim skyldum sem einangrun í sóttvarnarhúsi felur í sér.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 12. gr., sbr. 19. gr. laga um sóttvarnir nr. 19/1997, sbr. lög nr. 2/2021 vegna COVID-19, og 5. gr. reglugerðar nr. 938/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar [og] til greiðslu alls [sakarkostnaðar.] [...]. Þá er þess krafist að gert verði upptækt með dómi CUBE reiðhjól [samkvæmt] 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hnífur [samkvæmt] 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Jafnframt er krafist upptöku á 13,63 g af amfetamíni, [...], 18 töflum af óþekktum læknislyfjum, 1 töflu af lyfinu mogadon og 5 töflum af lyfinu broman sandoz, [samkvæmt] 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018. Auk þess er krafist upptöku til

ríkissjóðs á 46.500 krónum [samkvæmt] heimild í 69. gr., 69. gr. a., 69. gr. b., 69. gr. c., 69. gr. d. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

*Einkaréttarkröfur:*

Vegna ákæruliða 1 og 2 gerir Ólöf Heiða Guðmundsdóttir lögmaður, þá kröfu fyrir hönd A, kt. [...], hér eftir kröfuhafi, að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa skaðabætur að fjárhæð 3.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. [laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu], sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá og með 7. ágúst 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. [laga nr. 38/2001], sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að [ákærða] verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Vegna ákæruliðar 3, gerir Guðmundur Njáll Guðmundsson lögmaður, þá kröfu fyrir hönd B, kt. [...], hér eftir kröfuhafi, að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa skaðabætur að fjárhæð 2.278.314 krónur auk vaxta [samkvæmt] 8. gr. [laga nr. 38/2001], frá og með 3. júlí 2020 en með dráttarvöxtum [samkvæmt] 9. gr. [laga nr. 38/2001], sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að [ákærða] verði gert að greiða málskostnað kröfuhafa að skaðlausu, [það er] þóknun réttargæslumanns hans samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

[...].“

Málshöfðunarheimild lögreglustjóra vegna 3. ákæruliðar er reist á ákvörðun ríkissaksóknara samkvæmt bréfi dagsettu 18. október 2021. Ákærvaldið féll frá ákæru að því er varðar 6., 7. og 8. ákærulið og að hluta varðandi 5. og 10. ákærulið. Þá féll ákærvaldið frá kröfu um ökuréttarsviptingu og hluta af upptökukröfu varðandi haldlögð lyf. Að öðru leyti gerir ákærvaldið sömu dómkröfur og greinir í ákæru.

Bótakrefjandinn A gerir sömu dómkröfur um skaðabætur með vöxtum og dráttarvöxtum og greinir í ákæru, auk hæfilegrar þóknunar til handa skipuðum réttargæslumanni.

Bótakrefjandinn B krefst endanlega skaða- og miskabóta að fjárhæð 2.373.000 krónur en með vöxtum og dráttarvöxtum sem greinir í ákæru. Er um að ræða hækkun frá upphaflegri bótakröfu. Þá krefst hann þóknunar til handa skipuðum réttargæslumanni sem tók mið af hjálagðri tímaskýrslu. Þingsókn féll niður í þinghaldi 28. febrúar 2022 af hálfu kröfuhafa einkaréttarkröfu vegna 7. ákæruliðar og var sú krafa felld niður í sama þinghaldi.

Ákærði neitar sök og hafnar bótaskyldu vegna 1. og 2. ákæruliðar. Ákærði neitar sök og hafnar bótaskyldu vegna 3. ákæruliðar, að því er varðar meinta líkamsárás og hættubrot, en kannast við meintar hótanir. Ákærði neitar sök vegna 4., 10. og 11. ákæruliðar. Ákærði játar sök að því er varðar vörslur á amfetamíni vegna 5. ákæruliðar en neitar því að efnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Ákærði játar sök vegna 9., 12., 13., 14. og 15. ákæruliðar. Hann krefst aðallega sýknu af 1., 2., 3., 4., 10. og 11. ákærulið. Hið sama á við um 5. ákærulið, að því er varðar vörslur fíkniefna í sölu- og dreifingarskyni. Að öðru leyti krefst ákærði vægustu refsingar. Þá hafnar ákærði kröfu um upptöku á reiðhjólí og peningum sem lagt var hald á og krefst þess að þeim kröfum verði hafnað. Að öðru leyti tekur ákærði ekki til varna varðandi upptökukröfur. Ákærði krefst aðallega frávísunar á bótakröfum bótakrefjenda en til vara sýknu af þeim kröfum. Þá mótmælir hann hækkun á bótakröfu bótakrefjandans B þar sem hún sé of seint fram komin. Ákærði krefst þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda samkvæmt tímaskýrslu.

## II.

### Málsatvik:

#### 1.

*Varðandi 1. ákærulið:*

Við rannsókn máls hjá lögreglu vegna meints brots ákærða í júlí 2020, sbr. 2. ákærulið, komu fram upplýsingar frá brotapolu, A, á þá leið að hún hefði á árinu á undan, 2019, leitað á bráðamóttöku Landspítalans vegna meints ofbeldis af hendi ákærða, þáverandi sambýlismanns eða kærasta. Leiddi það til þess að lögregla kallaði eftir gögnum frá bráðamóttöku, læknisvottorði og ljósmyndum.

Í læknisvottorði, útgefnu af C sérfræðingi, greinir meðal annars að brotapolí hafi leitað á bráðamóttöku 10. ágúst 2019 í framhaldi af innlögn á geðdeild. Tilefni komunnar hafi verið meint ofbeldi af hálfu þáverandi sambýlismanns, líklega þremur dögum áður, að sögn brotapolá. Í vottorðinu greinir frá atvikalýsingu um meint ofbeldi, meðal annars að ákærði hafi misst stjórn á skapi sínu, dregið hana á hárinu, kastað henni utan í hluti, sparkað í hana liggjandi, endurteknu hálstaki, þrengingu á öndunarvegi og barsmíðum með krepptum hnefa og opnum lófa. Einnig greinir í vottorðinu að brotapolí hafi verið skýr, vel áttuð og komið vel fyrir. Hún hafi kvartað um eymsli í andliti, hálsi og útlimum. Þá hafi hún greint frá því að finna fyrir óþægindum og erfiðleikum við að kyngja drykk og verkjum við neyslu fæðu. Brotapolí hafi verið með með marblett í kringum hægra auga, bæði yfir neðra og efra augnloki. Undir vinstra auga hafi verið lítið fleiðursár. Undir höku hafi verið þrjú skrapsár sem voru að gróa. Við skoðun á hálsi hafi ekki verið að sjá bjúg eða sár í munni. Utan á hálsi vinstra megin hafi verið möguleg ummerki marbletts. Þá hafi marblettur verið vinstra megin á baki. Á vinstri handlegg hafi verið nokkrir hringlaga marblettir og þeir legið á upp- og framhandlegg. Á hægri upphandlegg hafi verið tveir marblettir. Þá hafi að minnsta kosti þrjú hringlaga marblettir verið á framhandlegg. Á hægra læri hafi verið línulaga marblettur. Einnig hafi margir misstórir hringlaga marblettir verið niður á læri og sköflung og þeir allir virst vera jafn gamlir. Enn fremur hafi margir misstórir marblettir verið á öllum vinstri ganglim, sem og lítið skrapsár á sköflungi. Ekki hafi verið um að ræða alvarlega innvortis áverka, engin bein verið brotin en marblettir verið víða á líkamanum, einkum í andliti og á útlimum, sbr. framangreint.

Brotapolí gaf framburðarskýrslu 4. október 2021 þar sem hún greindi nánar frá meintum atvikum, eins og þau horfðu við henni. Í þeirri skýrslu kom meðal annars fram að ákærði hefði beitt hana grófu líkamlegu ofbeldi sem hefði átt sér stað einhvern tímann á bilinu frá 7. til 10. ágúst 2019 á þáverandi heimili þeirra að [...]. Hann hefði misst stjórn á skapi sínu og beitt hana margvíslegu ofbeldi. Um atvikalýsingu brotapolá vísast að nokkru marki til verknaðarlýsingar ákæru. Greindi hún frá því að hafa verið í samskiptum við föður sinn eftir á. Þá hefði hún eftir þetta leitað á bráðamóttöku, eins og áður greinir.

Ákærði gaf framburðarskýrslu 8. október 2021 með réttarstöðu sakbornings þar sem hann greindi frá atvikum, eins og þau horfðu við honum. Framburður hans var með talsvert öðrum hætti en hjá brotaþola. Ákærði bar meðal annars um að brotaþoli hefði orðið alvarlega veik vegna ofneyslu fíkniefna og krampakasts þar sem þau voru á gangi í Elliðaárdal. Hún hefði fallið á jörðina, meiðst meðal annars á höfði og verið illa haldin með skerta meðvitund. Þá hefði hann veitt henni fyrstu hjálp uns bráði af henni um þrjátíu til fjörutíu mínútum síðar. Þau hefðu í framhaldi farið heim. Brotaþoli hefði verið með hugann við fíkniefnaneyslu og spurt um slík efni sem hana vantaði. Þá hefði hún verið með meiningar um að ákærði notaði hennar efni í óleyfi. Þau hefðu rifist. Brotaþoli hefði verið illa haldin, árásargjörn og með ranghugmyndir. Hún hefði veist að honum með nánar tilgreindum spörkum og höggum, auk þess að skalla hann í andlitið. Ákærði hefði leitast við að verja sig, ýtt henni frá sér og tekið hana tókum. Þau hefðu meðal annars fallið á jörðina. Ákærði hefði að lokum náð að reka brotaþola út. Brotaþoli hefði í framhaldi haft símasamband við föður sinn og ákærði einnig talað við hann í símann. Faðirinn hefði síðan komið á bifreið og sótt brotaþola. Nánar spurður kvaðst ákærði ekki kannast við atvikalýsingu brotaþola og/eða að hann gaf frekari skýringar út frá sínum fyrri svörum og framburði að öðru leyti. Þá kvaðst hann ekki kannast við að hafa valdið henni áverkum samkvæmt téðu áverkavottorði.

Við frekari rannsókn málsins var aflað matsgerðar D réttarmeinafræðings um áverka á brotaþola. Matsgerðin var unnin upp úr gögnum úr sjúkraskrá, fyrrgreindu læknisvottorði, ljósmyndum frá bráðamóttöku og lögregluskýrslu. Um áverka og ummerki greinir að brotaþoli hafi verið með undirhúðarblæðingar á hægri kjálkabarði, hægri augnsvæði, hægri framhandlegg, hægri upphandlegg, vinstri framhandlegg, hægri mjöðm, hægri læri, hægri hné, hægri sköflungi, vinstra læri og vinstri sköflungi. Leðurhúðarblæðingar hafi verið á enni. Sár hafi verið undir höku og á neðra vinstra augnloki. Mar hafi verið á innanverðum hægri upphandlegg, auk þess sem marblettur hafi verið á baki. Þá hafi mar verið á vinstri upphandlegg og *möguleg ummerki marblettar* á vinstri hlið hálsins.

Um tilurð áverka greinir í matsgerðinni að útlit *leðurhúðarblæðinga á enni* hafi bent sterklega til þess að þær hafi komið til fyrir *sljóan kraft í formi steys eða þrýstings gegnt hörðu eða trefjirgefanelgu yfirborði*. Útlit og staðsetning téðra blæðinga hafi getað

skýrst jafnt af eigin slysi í formi falls eða samstuðs við hart yfirborð eða undirlag, sem [og af] þrýstingi eða höggi annars manns. Útlit áverka á enni hafi bent til þess að ákomu- yfirborð hafi verið með upphleypt munstur sem samsvari útliti áverkans. Útlit undir- húðarblæðinga á hægri kjálkabarði og hægri augnsvæði hafi bent sterklega til þess að þær hefðu komið fyrir *sljóan kraft í formi steys gegnt svæðunum og að teknu tilliti til legu þeirra og innbyrðis afstöðu* gæti þetta mögulega bent til þess að krafturinn hefði beinst að svæðunum. Þannig hafi útlit áverka á hægri augnsvæðinu bent til þess að hann hefði komið til fyrir högg annars manns, til dæmis með hnefa. Útlit sársins á vinstra augnsvæði hafi bent sterklega til þess að það hefði komið til við *sljóan kraft í formi skröpunar gegnt hörðum kanti*. Áverkar með þetta útlit og staðsetningu *sjáist tíðum við fingurnaglarklór í tengslum við stypingar milli manna*.

Útlit undirhúðarblæðingar á hægri framhandlegg, hægri upphandlegg, vinstri framhand- legg og vinstri upphandlegg hafi bent sterklega til þess að þær hefðu komið til fyrir *sljóan kraft í formi steyta eða þrýstings gegnt hörðu yfirborði með takmarkaðan ákomuflöt*. Útlit og staðsetning áverkanna hafi samrýmt því sem gæti sést við *eigin varnir gegn höggum annars manns*, eins og brotþoli hafi greint frá. Útlit undirhúðarblæðinga á hægri mjöðm, hægri læri, hægri hné, hægri sköflungi, vinstra læri og vinstri sköflungi hafi bent sterklega til þess að þær hefðu komið til fyrir sljóan kraft í formi steyta eða þrýstings gegnt hörðu yfirborði með takmarkaðan ákomuflöt. Útlit og staðsetning áverk- anna hafi getað *skýrst af jafnt eigin slysi í formi falla eða steyta gegnt hörðum innrétt- ingum eða útstandandi þáttum í undirlaginu, sem [og af] tókum eða spörkum annars manns*. Útlit marsins á innanverðum hægri upphandlegg, eins og því væri lýst í lækni- vottorði, hafi bent til þess að það hafi komið fyrir *sljóan kraft*. Staðsetning þess áverka hafi getað bent til þess að það hefði komið til við *tak annars manns um útliminn*.

Útlit sára undir höku hafi bent til þess að þau hefðu komið til fyrir *sljóan kraft í formi skröpunar eða steys gegnt hrjúfu eða stömu yfirborði*. Staðsetning þeirra áverka og inn- byrðis afstaða þeirra hafi mögulega bent til þess að *krafturinn hafi beinst að svæðinu*. Útlit marblettarins á bakinu, eins og honum væri lýst í lækni-vottorði, hafi bent til þess að hann hafi komið til fyrir *sljóan kraft í formi þrýstings eða steys*. Þá greinir í matsgerð- inni: *Í lækni-vottorði eru tiltalin möguleg ummerki marblettar vinstra megin á hálsinum. Ekkert kemur fram á innsendum myndum sem styður að á vinstri hlið hálsins sé að finna*

*ummerki sem vert sé að nefna, þó með því fororði að myndin sem sýnir þennan stað er af einkar dauflegum gæðum. Gögnin, eins og þau eru, leyfa enga frekari umfjöllun um möguleikann á að þarna hafi orðið marblettur eða með hvaða hætti mögulegur marblettur hafi myndast. [...] Brotapoli lýsir í frásögn sinni hálstaki. Vakinn er athygi á því að skoðun í augnslímhúðum, andlitshúð og munnslímhúð er ekki lýst í innsendu læknisvottorði með tilliti til dílablæðinga sem kunna að koma fram við hálstak. Þannig kemur ekkert réttarlæknisfræðilegt fram sem styður þann hluta frásagnar brotþola. Þó má nefna að tak annars manns um hálsinn, er þó ekki hægt að útiloka, fremur en að staðfesta, að hluta vegna ófullkominnar skrásetningar ummerkjanna.*

Þá greinir í téðri matsgerð að áverkar eru taldir vera ferskir og aldur þeirra talinn vera á bilinu frá átján klukkustundum til þess að geta verið viku gamlir miðað við tímasetningu á töku ljósmynda, 10. ágúst 2019. Þá voru téðir áverkar ekki taldir vera lífshættulegir og líklegir til að gróa án varanlegra líkamlegra meina.

## 2.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Samkvæmt frumskýrslu var lögregla send á bráðamóttöku Landspítalans að kvöldi 12. júlí 2020 vegna brotþolans A sem leitað hafði læknisaðstoðar vegna meints heimilisofbeldis. Þegar lögreglumenn komu á staðinn var brotþoli með áverka á vör og kenndi eymsla í rifbeinum og kveinkaði sér undan hreyfingum. Greindi hún frá því að þáverandi sambýlismaður, ákærði, hefði beitt hana margvíslegu ofbeldi, höggum, spörkum, hálstaki, barsmíðum með kertastjaka og fleira, auk þess sem hann hefði verið með hótanir. Þá kom fram að téð atvik hefðu átt sér stað fyrr um kvöldið á heimili þeirra á þeim stað sem greinir í ákæru. Að auki hefði ákærði reynt að skaða sig sjálfan en brotþoli komið í veg fyrir það. Frásögn brotþola var tekin upp í hljóði og mynd með búkmyndavél lögreglu. Rannsóknarlögreglumadur var að auki fenginn til að koma að rannsókn. Kom hann á bráðamóttöku og tók skýrslu af brotþola, auk þess að taka yfir rannsókn málsins að öðru leyti. Var skýrslutakan hljóðrituð þar sem hið sama og áður greinir kom að mestu leyti fram en með nokkuð ítarlegri hætti. Greindi brotþoli meðal annars frá aðdragandanum og sambandi sínu við ákærða, auk þess að lýsa því sem gerðist umrætt kvöld. Um hið síðastnefnda vísast nánar til verknaðarlýsingar ákæru. Lögreglumenn voru síðar um kvöldið sendir á heimili ákærða og reyndist hann vera heima. Leiddi það til þess að hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Rannsókn fór fram sama kvöld á ætluðum brotavettvangi og meðal málgagna er lög-regluskýrsla með ljósmyndum og skýringum, sem og af kertastjaka sem var haldlagður á staðnum. Kertastjakinn var í framhaldi tekinn til frekari rannsóknar. Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu var téður kertastjaki úr tré með áfastri veggfestingu úr járn. Vegin þyngd hans var tæplega sex hundruð grömm. Blóð var á veggfestingunni og hún var með skörpum brúnum. Þá var stjakinn með áfastri skrúfu með þéttitappa, eins og hann hefði verið rifinn af vegg, auk þess sem langt hvítt hár var fast á tréhluta stjakans.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð E sérfræðings vegna komu brotþola á bráðamóttöku aðfaranótt 13. júlí 2020. Í vottorðinu er sagt frá frásögn brotþola með svipuðum hætti og áður greinir. Þá er í vottorðinu gerð grein fyrir læknisskoðun, rannsókn og meðferð brotþola. Kemur fram undir liðnum greiningu að hún hafi meðal annars verið nefbrotin og með mar á höfði, vörum, læri, baki, upphandlegg og framhandlegg. Í samantekt vottorðsins greinir að brotþoli hafi verið með marga áverka, mjög vel samrýmanlega lýsingu hennar á ætluðum atvikum. Marblettir á hálsi hafi samrýmst kyrkingartaki. Lítil íferð hafi verið í lunga sem hafi getað tengst *ásvelgingu tengt kyrkingu* og tímabundnum meðvitundarmissi. Tekið var fram að talsverð högg hefði þurft til að brjóta nefbein hennar. Þá voru umfangsmiklir marblettir á höfði, baki, síðu, mjöðmum og fót- og handleggjum taldir samrýmst vel endurteknum höggum.

Meðal gagna er réttarlæknisfræðileg matsgerð fyrrgreinds réttarmeinafræðings um áverka á brotþola, auk ljósmynda af hinu sama. Matsgerðin var unnin á grundvelli áverkaskoðunar réttarmeinafræðingsins á líkama brotþola aðfaranótt 13. júlí 2020 á meðan hún var innlögð á bráðamóttöku, auk ljósmynda af áverkum hennar frá því daginn eftir. Einnig greinir í matsgerðinni að réttarmeinafræðingur hafi stuðst við lögregluskýrslur og upplýsingar úr sjúkraskrá. Um tilgreiningu í matsgerð á áverkum sem voru á brotþola vísast til verknaðarlýsingar ákæru.

Þá greinir í matsgerðinni nánar frá flokkun áverka og tilurð þeirra. Útlit mara á hvirfli, hægra eyra, hægri öxl, vinstri hendi, vinstri framhandlegg, vinstri upphandlegg, hægri hlið brjóstakassa, vinstri hluta brjósts, hægra brjóstbaki, hægri flanka, mjóbaki, hægri mjöðm og vinstri fótlegg hafi bent sterklega til þess að *þau hafi komið til fyrir sljóan*

*kraft í formi steyta eða þrýstings gegnt svæðunum.* Staðsetning og útlit áverkanna hafi bent til þess að kraftinum hefði verið *beint að svæðunum*, eins og gjarnan sjáist við aðför annars manns, í formi högga, gripa og sparka. Útlit áverkanna á hægri hlið brjóstkassans og hægra brjóstbaksins, að teknu tilliti til undirliggjandi mara á lungunum, hafi bent til þess að þeir hefðu orðið við högg veitt af öðrum manni, ef til vill með hnefa. Þá hafi útlit og staðsetning mara á vinstri upphandleggjum bent til þess að þau hefðu komið til viðtak annars manns.

Útlit áverka á hálsi hafi bent sterklega til þess að þeir hefðu komið til fyrst og fremst við sljóan kraft, *annars vegar í formi þrýstings gegnt hálsinum framanverðum og hins vegar skröpun gegnt hörðum kanti eða spíss.* Útlit áverkanna, að teknu tilliti til punktblæðinga í slímhúðum augnanna, hafi bent til þess að krafturinn hefði verið aðþrengjandi eins og viðtak annars manns um hálsinn með hendi/höndum og mögulega einnig með aflöngum þætti, þ.e. bandi, efniskanti eða öðru slíku. Útlit skráma hafi getað bent til þess að þær hefðu komið til fyrir klór með eigin nöglum ef brotaþoli hefði reynt að losa tak geranda. Þá hafi útlit annars tilgreinds áverka á hálsi bent sterklega til þess að hann hefði *orðið til fyrir sljóan kraft í formi steyps eða þrýstings gegnt svæðinu.* Útlit þess áverka hafi samrýmst því að hafa orðið við högg á aftanverðan hálsinn, eins og brotaþoli hafi greint frá.

Útlit skrámu á nefi með undirliggjandi nefbroti hafi bent sterklega til þess að áverkinn hefði komið til fyrir sljóan kraft sem hafnaði á andlitinu með stefnu að framan og frá vinstri. Áverkinn hafi verið með útlit og staðsetningu sem hafi bent til þess að hann hefði verið veittur af öðrum manni í formi höggs. Útlit áverka á vinstra læri hafi bent sterklega til þess að þeir hefðu komið til fyrir sljóan kraft í formi höggs með hörðu, formuðu áhaldi. Útlit þeirra áverka hafi samrýmst því að áhaldið væri kertastjaki sem var haldlagður. Útlit mars með sári á innanverðri efri vör og slímhúðarsára á neðri vör hafi bent til þess að þau hefðu orðið fyrir *sljóan kraft í formi þrýstings eða höggs yfir munnsvæðið.* Ekki væri hægt að útiloka að hluti þessara áverka hefði komið til þegar gerandi hefði sótt töflur upp í munn brotaþola með valdi, eins og komið hafi fram í frásögn hennar.

Útlit skrámu á vinstra gagnaugasvæði hafi bent til þess að hún hefði orðið *fyrir sljóan skrapandi kraft.* Staðsetning áverkans hafi jafnframt getað skýrst af eigin ákomu á hart

hrjúft yfirborð *sem íhlutun annars manns*, til dæmis í formi þrýstings gegnt hörðu hrjúfu yfirborði eða skáhöllu höggi eða sparki. Útlit skráma á hægri framhandlegg, vinstra handarbaki, hægri hlið brjóstkassa, vinstra brjóstbaki og mjóbbaki hafi bent sterklega til þess að þær hefðu orðið fyrir vélrænan kraft í formi skröpunar gegnt hörðum kanti eða oddi. Þá hafi útlit þrota yfir hægra kinnbeini og vinstri neðri kjálka bent til þess að hann stafaði af *eftirstöðvum sljós krafts í formi högga gegnt svæðunum*. Staðsetning áverkanna gæti bent til þess að *kraftinum hafi verið beint að svæðunum, sem við högg veitt af öðrum manni*. Útlit mara á enni, hægri olnboga, hægri upphandlegg, vinstri upphandlegg, hægri fótlegg, hægra hné, hægri mjöðm, vinstri fótlegg, vinstra læri og vinstri mjöðm hafi bent sterklega til þess að *þau hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi steyta gegnt hörðu yfirborði*. Útlit og staðsetning áverkanna hafi jafnframt getað skýrst af *eigin steytum eða föllum gegnt hörðum innréttingum eða undarlagi, sem höggum eða tókum annars manns*. Útlit mara á hægri og vinstri framhandlegg hafi bent sterklega til þess að *þau hafi orðið fyrir sljóan kraft í formi steyta eða þrýstings gegnt hörðu eða tregeftirgefanelgu yfirborði með takmarkaðan ákomuflöt*. Útlit og dreifing þessara áverka hafi samrýmst því sem gæti sést við árásir, eins og *gerandi hafi tekið í griplimina eða brotaþoli þurft að bera þá fyrir sig til að verjast höggum*.

Samkvæmt matsgerðinni voru langflestir áverkanna taldir vera ferskir og útlit þeirra eins og þeir hefðu að mestu orðið til sömu nótt, stuttu fyrir umrædda skoðun. Téðir áverkar voru ekki taldir vera lífshættulegir og þeir voru taldir myndu gróa án varanlegra líkamlegra meina. Að auki greinir í matsgerðinni að lífshættulegt ástand hefði verið hjá brotaþola ef hún hefði verið tekin hálstaki og ef því hefði verið haldið þar til og ef hún missti meðvitund.

Ákærði var tekinn til skýrslutöku 13. júlí 2020 með réttarstöðu sakbornings en hann neitaði að tjá sig um sakarefnið. Ákærði mun hafa verið færður til afplánunar vegna eldri refsíðis síðar sama dag en jafnframt með ákvörðun lögreglustjóra verið gert að sæta brottvísun af heimili og nálgunarbanni í fjórar vikur. Tekin var önnur framburðarskýrsla af ákærða 29. september 2021 með sömu réttarstöðu og áður. Við skýrslutökuna neitaði hann ýmist að tjá sig um einstök atriði sem borin voru undir hann eða hann hafnaði atriðum úr framburði brotaþola sem borin voru undir hann, með eða án frekari skýringa. Kannaðist hann við að hafa verið á staðnum með brotaþola umrædda nótt og að þau hefðu

verið að rífast. Þá kannaðist hann að nokkru leyti við að líkamleg átök hefðu orðið á milli þeirra en með nánar tilgreindum skýringum, meðal annars að hann hefði verið að verja sig og að þau hefðu verið að slást. Í því sambandi greindi hann meðal annars frá því að hafa rifið niður téðan kertastjaka og kastað honum í læri brotþola og hún kastað honum til baka í höfuð ákærða. Þá kannaðist hann ekki við meint kverkatak og að hann hefði reynt að kyrkja hana. Hann kvaðst hins vegar haft lagt handlegg sinn upp að hálsi hennar til að varna því að hún biti hann.

Til viðbótar var tekin skýrsla símleiðis af einu vitni, F, þann 30. september 2021. Greindi vitnið frá tilteknum samskiptum brotþola og annars manns sem hefðu verið gestkomandi hjá honum og símasamskiptum og ósætti brotþola og ákærða af því tilefni.

*Varðandi 3., 4. og 5. ákærulið:*

Samkvæmt frumskýrslu var óskað eftir aðstoð lögreglu undir miðnætti 3. júlí 2020 að veitingastaðnum [...], [...] Laugavegi, Reykjavík, vegna meintrar hnífaárásar. Lögregla var komin á staðinn stuttu síðar og sást til ferða manns sem virtist hraða sér á brott. Maðurinn passaði við lýsingu meints geranda og veittu lögreglumenn honum eftirför. Var för mannsins stöðvuð stuttu síðar á Vatnsstíg við Hverfisgötu og að sögn lögreglu veitti hann mótspyrnu við handtöku. Maðurinn reyndist vera ákærði og var hann færður á lögreglustöð. Ákærði var í annarlegu ástandi. Við leit í fatnaði hans fundust meint fíkniefni og lyf, auk reiðufjár. Efnin voru í litlum plastpokum, ætluðum sölueiningum. Enginn hnífur fannst hins vegar á ákærða.

Samhliða framangreindu voru lögreglumenn við frumrannsókn vegna meintra atvika á [...]. Fengust þær upplýsingar að ákærði hefði verið ógnandi með hníf innandyra og veist að tilkynnanda, brotþolanum B. Hann var í miklu uppnámi þegar lögregla kom á staðinn og greindi frá því að hafa verið utandyra bak við téðan veitingastað. Maður með nánar tilgreint útlit hefði verið að æsa sig og B blandað sér í þau mál. Það hefði leitt til þess að maðurinn varð enn æstari, dró upp hníf og reyndi að stinga B í magann. Stungan hefði geigað svo ekki varð líkamstjón en fatnaður B hefði skemmst. Lögregla ræddi einnig við fleira fólk á staðnum, gesti og starfsmenn, og fengust mismiklar upplýsingar sem á einn eða annan hátt gátu átt við um fyrrgreind meint atvik. Fengust einnig þær upplýsingar að einhver inni á staðnum hefði náð hnífnum af manninum og var hnífurinn stuttu síðar afhentur lögreglu.

Ákærði gaf skýrslu daginn eftir með réttarstöðu sakbornings. Kannaðist hann við að hafa verið í bakgarði við fyrrgreindan veitingastað. Hann hefði verið undir áhrifum lyfja og áfengis. Þá kvaðst hann kannast við að hafa verið með hníf meðferðis og að hann hefði *kannski* tekið hann upp. Lýsti hann hnífnum nánar, meðal annars að hann hefði verið með appelsínugult plasticskefti. Þá kvaðst hann ekki muna vel meint atvik með téðan hníf eða geta svarað spurningum um þau. Kannaðist hann við haldlögð lyf eða fíkniefni og sagði þau til eigin nota. Þá greindi hann frá því að uppruna haldlagðra peninga væri að rekja til vinnu.

B gaf skýrslu á lögreglustöð 23. september 2020 þar sem hann greindi nánar frá atvikum, eins og þau horfðu við honum. Þá var tekin skýrsla 8. október 2021 af vitninu G, félaga B, og greindi hann frá atvikum með svipuðum hætti, meðal annars að maðurinn hefði sveiflað hnífnum *villimannslega* í átt að B. Hnífurinn hefði verið það beittur að hann fór í gegnum leðurjakka B.

Meðal gagna málsins er lögregluskýrsla með ljósmynd sem sýnir hinn haldlagða hníf, með 9,5 cm langt blað, oddhvassan og með appelsínugulu plasticskefti.

*Varðandi 10. og 11. ákærulið:*

Samkvæmt frumskýrslu var óskað eftir aðstoð lögreglu aðfaranótt 10. júní 2021 að íbúðarhúsi við [...], Reykjavík, vegna hávaða og grunsamlegra mannaferða. Lögregla þekkti til húsnæðisins vegna annarra mála. Ákærði var á staðnum ásamt fleira fólki og brást illa við komu lögreglu. Var hann með hróp að lögreglumönnum um að þeir ættu að fara og vera ekki að skipta sér af reiðhjóli sem hann sagðist eiga. Leiddi þetta til þess að athygli lögreglu beindist frekar að reiðhjólinu og að það kynni að vera þýfi. Kom ákærði stuttu síðar úr húsnæðinu þar sem hann leitaðist við að ná reiðhjólinu til sín. Að sögn lögreglu var hann æstur og brást illa við störfum og fyrirmælum lögreglu. Um þessi meintu atvik vísast nánar til verknaðarlýsingar ákæru en um atvikin er ágreiningur í málinu. Leiddi þetta til þess að ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð. Þá var lagt hald á reiðhjólið. Að sögn lögreglu var ákærði áfram æstur eftir handtöku og kom til átaka við hann á lögreglustöðinni.

Meðal rannsóknargagna er ljósmynd og upplýsingaskýrsla um fyrrgreint reiðhjól og greinir þar meðal annars að búið var að afmá raðnúmer af stölinu. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 15. september 2021 með réttarstöðu sakbornings. Þar kannaðist hann meðal annars við það að hafa keypt umrætt reiðhjól á hagstæðu verði og að sig hefði grunað að það væri þýfi. Þá kannaðist hann við að hafa óhlýðnast fyrirmælum lögreglu og verið með mótpróa en vísaði meðal annars til meints harðræðis og annarra starfsaðferða lögreglu sem hann hefði verið ósáttur við.

*Varðandi 9., 12., 13., 14. og 15. ákærulið:*

Ákærði hefur játað sök vegna þessara ákæruliða. Um reifun á málsatvikum vísast til ákæru.

### III.

#### Skýrslur fyrir dómi:

#### 1.

*Varðandi 1. ákærulið:*

Ákærði bar meðal annars um að hafa verið leigutaki og búið í umræddri íbúð á þeim tíma sem um ræðir. Hann hefði búið þar ásamt vini sínum en brotþoli fengið að vera í íbúðinni á milli þess sem hún var hjá móður sinni þar sem brotþoli var með lögheimili. Þau hefðu verið kærustupar á þessum tíma og frá því um jólin 2018. Ákærði og brotþoli hefðu bæði verið með sögu um vímuefnaneyslu en haldið sig frá slíkum eignum framan af í sambandinu. Þau hefðu fallið á vímuefnabindindi í júní og júlí 2019 í tengslum við ferðalag þeirra erlendis.

Ákærði greindi frá atvikum umræddan dag á þeim tíma sem greinir í ákæru. Í framburði hans kom meðal annars fram að þau hefðu umrætt kvöld á heimili ákærða neytt kókaíns með því að sprauta því í æð. Þau hefðu nokkru síðar farið í gönguferð um Elliðaárdal og haft með sér kókaín í sprautum. Brotþoli hefði sprautað sig með efninu en hún ekki þolað skammtinn, misst meðvitund og fallið aftur fyrir sig með höfuðið á jörðina. Brotþoli hefði stífnað upp og endurtekið verið að *detta inn og út* í meðvitund en rankað við sér um fjörutíu mínútum síðar. Ákærða hefði verið mjög brugðið og hann veitt henni fyrstu hjálp með því að opna öndunarveginn og nudda á henni bringuna. Þau hefðu bæði verið símalaus og hann ekki getað kallað eftir aðstoð. Brotþoli hefði rankað við sér um

fjörutíu mínútum síðar og þau í framhaldi gengið til baka heim. Hún hefði á leiðinni verið illa áttuð, með áverka á aftanverðu höfðinu eftir fyrrgreint fall á jörðina og ekki gert sér grein fyrir hvað hefði gerst.

Ákærði hefði reynt að veita brotþola aðhlyningu þegar heim var komið en blætt hefði úr höfði hennar. Hún hefði spurt um fíkniefnin og hann reynt að útskýra fyrir henni hvað hefði gerst og að hún væri búin að neyta efnanna. Brotþoli hefði ekki trúað honum og verið með ranghugmyndir um frekari fíkniefnaneyslu og að ákærði hefði tekið frá henni efnin. Þau hefðu farið að þræta og hún ýtt við honum og hann ýtt við henni á móti. Ákærði hefði þá vikið frá og fargað fíkniefnum og sprautu sem var eftir á heimilinu. Brotþoli hefði tekið því mjög illa, misst stjórn á skapi sínu og heimtað að fá til sín efnin. Þau hefðu á þessum tíma verið stödd í svefnherbergi og ýtt hvort við öðru. Þetta hefði leitt til þess að þau færðu sig fram í eldhús.

Ákærði greindi frá frekari atvikum í eldhúsi og öðru nærliggjandi rými. Í framburði hans kom meðal annars fram að brotþoli hefði sparkað í hann og kastað í hann lausamunum. Ákærði hefði reynt að fá hana til að hætta, beðið hana að fara og leitast við að vísa henni út en hún neitað að fara. Það að þau myndu mögulega hætta saman sem kærustupar hefði borið á góma. Lýsti hann því meðal annars að hafa hrint henni frá sér og hún rifið í hann á móti svo þau féllu bæði á gólfið með þeim afleiðingum að hann lenti harkalega ofan á henni. Þá lýsti hann gagnkvæmum átökum, meðal annars að hann hefði reynt að rífa sig lausan en hún tekið á móti. Jafnframt lýsti hann því að hún hefði slegið hann í andlitið og hann reynt að komast frá henni með því að ýta höfði hennar frá sér. Ákærði hefði komist á fætur og reynt að ræða við hana en hún gengið upp að honum og skallað hann í andlitið. Það hefði leitt til mikillar blæðingar hjá honum úr efri vörinni. Ákærði kvaðst því næst hafa rifið í brotþola og ýtt henni frá sér en hún haldið í hann og hann dottið aftur ofan á hana. Brotþoli hefði róast og náð betur áttum þegar hún varð vör við blóðið sem rann úr ákærða.

Frekar spurður út frá verknaðarlýsingu ákæru um meint ofbeldi kvaðst ákærði ekki kannast við þá lýsingu. Hann kvaðst kannast við að hafa ýtt við brotþola, eins og áður greinir, í brjóstkassa og andlit. Brotþoli hefði komið æst upp að honum, reynt að bíta hann og hann reynt að halda henni frá sér. Þá hefðu þau dottið við ýtingar, eins og áður greinir.

Hann hefði ekki traðkað á líkama hennar, ekki kýlt hana, ekki haldið fyrir munn hennar og ekki tekið hana kverka- eða hálstaki. Hún hefði ekki borið hendur fyrir höfuð sér. Hún hefði beðið hann að sleppa sér þegar hann lá ofan á henni og hann á móti beðið hana að hætta og sagt að hún þyrfti að koma sér út. Hann hefði verið klofvega ofan á henni og haldið henni niðri til að koma í veg fyrir að hún myndi skaða hann. Hann hefði öskrað á hana að hætta að láta svona en ekki að hún ætti að þegja. Frekar spurður um áverka brotaþola greindi ákærði frá því að hún hefði verið með áverka á kinn og læri og aftan-verðu höfði þegar hún kom til baka eftir að þau voru í Elliðaárdal. Hann hefði að öðru leyti ekki séð neina eða vitað um aðra áverka á henni, þar með talið á hálsi, og ekki eftir það sem gerðist á milli þeirra í íbúðinni. Hann hefði hins vegar sjálfur verið með bólgna og sprungna vör, klór, mar og eymsli víðs vegar á líkamanum en ekki leitað sér lækni-aðstoðar.

Ákærði greindi frá öðrum atvikum í framhaldi af því að honum og brotaþola lenti saman. Í framburði hans kom meðal annars fram að hann hefði farið út úr íbúðinni og verið fyrir utan að reykja og þau hefðu þá rætt saman. Brotaþoli hefði spurt hvort væri í lagi með hann en ákærði beðið hana að fara. Sambandsslit hefði aftur borið á góma. Brotaþoli hefði hringt í föður sinn og beðið hann að sækja sig. Ákærði hefði einnig rætt við föður hennar í síma og upplýst að þau hefðu verið að neyta vímuefna og að brotaþoli gæti ekki verið hjá honum. Brotaþoli hefði farið inn íbúðina að pakka saman dótinu sínu og ákærði beðið fyrir utan á meðan. Hann hefði viljað halda sig frá henni ef eitthvað meira myndi gerast. Hún hefði á þeim tíma enn verið að spyrja út í fíkniefnin og þau enn að þræta um sambandsslit. Faðir brotaþola hefði komið stuttu síðar og sótt hana og hún farið ósátt frá ákærða. Þau hefðu talað saman í síma nokkrum dögum síðar og hún haft frumkvæði að því. Þau hefðu í framhaldi tekið saman aftur og fengið síðar húsnaði á þeim stað sem greinir í 2. ákærulið. Ekki eru efni til frekari reifunar á framburði ákærða varðandi framangreint.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Ákærði greindi frá því að þau hefðu á þeim tíma sem greinir í ákæru verið hætt saman sem kærustupar. Þau hefðu slitið sambandinu um mánuði áður en búið áfram saman í húsnaðinu og ákærði greitt húsaleigu eins og verið hafði um eins árs skeið. Þau hefðu á þessum tíma bæði verið í óreglu samhliða því að sinna vinnu. Ákærði hefði verið búinn að glata lykklum og verið upp á brotaþola kominn að komast inn í húsnaðið. Samskipti

Þeirra hefðu gengið illa og erfitt verið að ná í hana í síma, þar með talið að kvöldi 11. júlí 2020. Hann hefði þurft að komast inn í íbúðina og brugðið á það ráð að setja sig í samband við ættingja brotþola sem bjó nálægt og var með aukalykla. Ættinginn hefði að beiðni ákærða hringt í brotþola og hún svarað símtalinu og ákærði þannig náð tali af henni. Hann hefði sagt henni að hann væri í þeim erindagjörðum að sækja dótið sitt og hvílast og hann yrði fluttur út daginn eftir. Samtalið hefði ekki verið á góðum nótum og talið borist að því hvar hún væri og hvort hún væri með öðrum manni. Hún hefði þrætt fyrir það og nafngreindur maður blandað sér í samtalið og verið með ögranir svo ákærða hefði sárnað. Fyrirgreindur ættingi hefði í framhaldi hleypt ákærða inn í húsnaðið.

Ákærði greindi frá atvikum eftir að hann var kominn inn. Í framburði hans kom meðal annars fram að hann hefði fyrr um kvöldið neytt áfengis. Hann hefði pakkað saman dóti og tekið inn lyf, lagst í hvílu og sofnað. Hann hefði vaknað um nóttina við það að brotþoli var komin heim, æst og rífandi af honum sængina. Hún hefði talað til hans með neikvæðum hætti og sparkað í hann en hann verið nývaknaður og illa áttaður. Hann hefði hrint henni frá sér, beint talinu að því sem hefði komið fram í símtalinu fyrr um kvöldið um hvað hann væri að gera í íbúðinni og lagst aftur til hvílu. Brotþoli hefði óvænt og án heimildar farið í lyf ákærða. Hún hefði hellt upp í sig töflum og ákærði brugðist skjótt við með því að fjarlægja þær úr munni hennar með handafli. Í framhaldi hefðu brotist út slagsmál og rifrildi á milli þeirra.

Ákærði greindi meðal annars frá því að hafa ýtt og hrint brotþola frá sér og hún hefði sparkað í hann og hent í hann lausamunum. Þá hefðu þau rifist um hvað hann væri að gera í íbúðinni og um meint kynferðislegt samband hennar við annan mann. Ákærði hefði hrint henni í rúm og hún reynt að sparka í hann. Hann hefði reynt að halda henni og tekið kodda og sett upp að andliti hennar til að varna því að hún biti hann. Ákærði hefði nokkru síðar vikið frá og farið upp á háalof og orðaskipti þeirra haldið áfram. Hann hefði síðar misst stjórn á skapi sínu, og rífið kertastjaka af vegg til að ógna henni á meðan hann stóð yfir henni. Hann hefði áttað sig á hvað væri að gerast og kastað frá sér kertastjakanum sem gæti hafa lent óviljandi á læri hennar. Ákærði hefði síðan dregið sig í hlé og lagst til hvílu og brotþoli sömuleiðis.

Frekar spurður út í meint ofbeldi út frá verknaðarlýsingu ákæru kvaðst ákærði kannast við að hafa skellt brotþola í rúmið og sest ofan á hana. Hann hefði tekið kodda og sett fyrir vit hennar en hann hefði verið að halda henni frá sér og verja sig fyrir biti og hráka. Þá kvaðst hann kannast við að hafa rifið niður kertastjakann en ekki lamið hana með honum. Hann hefði hent kertastjakanum svo hann lenti á læri brotþola, eins og áður greinir. Hún hefði tekið stjakann upp og kastað honum á móti í eða að ákærða. Hann kvaðst ekki muna hvort hann reif í hár hennar. Þá hefði hann ekki slegið höfði hennar í vegg og ekki kýlt hana með krepptum hnefa í andlit, líkama og höfuð. Hann hefði ýtt á líkama hennar og slegið í eitt skipti á öxlina á henni. Þá kvaðst hann ekki muna eftir að hafa potað með fingri í auga hennar en það gæti hafa gerst óviljandi þegar hann ýtti henni frá sér. Hann kvaðst ekki hafa tekið hana háls- eða kverkataki og ekki hótað henni lífláti. Hótanir um líkamsmeiðingar af hans hálfu tengdust hins vegar því að hann hefði spurt hana hvort hún vildi að hann *legði á hana hendur*. Frekar spurður kvaðst ákærði ekki hafa séð áverka á brotþola þegar hún kom heim og ekki eftir það sem gerðist á milli þeirra í íbúðinni og hann ekki hugleitt það frekar. Hann hefði aðeins viljað fara að sofa og síðan koma sér út. Hann hefði hins vegar sjálfur hlotið áverka af völdum brotþola en ekki leitað sér lækniástoðar. Þá hefði hann verið handtekinn um morguninn og síðar færður í afplánun í fangelsi út af eldri dómi. Heilt á litið hefði verið um að ræða slagsmál þeirra beggja í framhaldi af því að brotþoli kom heim undir vímuáhrifum og reif af honum sængina og vakti hann í æðiskasti, eins og áður greinir. Ekki eru efni til frekari reifunar á framburði ákærða varðandi framangreint.

*Varðandi 3. ákærulið:*

Ákærði greindi meðal annars frá því að hafa umrætt kvöld verið að leita að A þar sem hann vantaði húslykla til að komast inn í húsnaði þar sem þau bjuggu, sbr. það sem áður greinir um 2. ákærulið. Hann hefði fyrr um daginn neytt amfetamíns, auk þess að drekka áfengi um kvöldið. Hann hefði að lokuð fundið hana í umræddum bakgarði við [...] þar sem hún sat með öðru fólki, þar með talið H sem ákærði kannaðist við. Ákærði hefði gefið sig á tal við A en hún brugðist illa við og það leitt til þess að þau fóru að rífast. Hann hefði reiðst og æst sig upp og meðal annars ýtt við henni og velt við borði. Aðrir sem voru á staðnum hefðu farið að skipta sér af og verið ósáttir og nálgast ákærða úr öllum áttum og kallað hann ónefnum og fleira í þeim dúr.

Ákærða hefði fundist eins og fólk væri að veitast að honum eða ætlaði að lemja hann. Hann hefði verið með bitlausan vinnuhníf á sér og tekið hann upp og haldið á honum þannig að hnífsblaðið vísaði upp. Hann hefði verið æstur og sveiflað hnífnum tvisvar eða þrisvar ákveðið og fast í kringum sig öðrum til viðvörunar eða ögrunar og til að halda öðrum frá sér. Fólk hefði þrengt að honum og rúmlega armslengd verið á milli. Brotapoli hefði verið einn af þeim sem voru nálægir en engin samskipti verið þeirra á milli. Ákærði hefði verið ógnandi en ekki ætlað að skaða neinn með hnífnum og hann ekki stungið neinn með honum. Þá kvaðst ákærði telja að hnífurinn hefði skemmt jakka brotþola með því að fara í hann þegar hann sveiflaði hnífnum. Ákærði hefði með þessu verið að reyna að komast úr þeim aðstæðum sem höfðu skapast en fljótlega áttað sig á því að hann væri búinn að koma sér í vandræði. Hann hefði síðan stungið hnífnum í vasa og reynt að hörfa frá. Um líkt leyti hefði dyraverði borið að og þeir stuggað við honum. Þetta hefði leitt til þess að hann hraðaði sér á brott, sbr. nánar um 4. ákærulið.

*Varðandi 4. ákærulið:*

Ákærði greindi meðal annars frá því að hafa reynt að koma sér burt eftir það sem gerðist á fyrrgreindum veitingastað, sbr. 3. ákærulið. Hann hefði séð lögregluna vera að koma og vitað að hann væri með fíkniefni í fórum sínum, sbr. 5. ákærulið. Hann hefði heyrt öskur og læti í kringum sig frá öðrum sem eltu hann. Hann hefði stuttu síðar ákveðið að nema staðar og gefast upp fyrir lögreglu og því stansað samkvæmt fyrirmælum hennar og lyft höndunum upp. Aðstæður hefðu verið slíkar að hann hefði ekki skilið eða heyrt öll fyrirmæli sem honum voru gefin. Hann hefði ekki verið ógnandi í garð lögreglu. Þá hefði hann ekki heyrt fyrirmæli áður en hann fékk piparúða í andlitið. Í framhaldi hefði honum verið hrint á jörðina.

*Varðandi 5. ákærulið og upptökukröfu á haldlögðum peningum:*

Ákærði kvaðst kannast við magn og tegund þeirra fíkniefna og lyfja sem hann var með í vörslum sínum í greint skipti. Þau hefðu verið ætluð til eigin neyslu. Hann hefði fyrr um daginn keypt um fimmtán grömm af amfetamíni og verið búinn að neyta hluta efnisins sem hann var með á sér. Þá hefði lyfjunum verið ávísað til hans samkvæmt lyfseðli og hann ætlað þau til eigin neyslu. Að auki greindi ákærði frá því að hann hefði tekið út reiðufé úr hraðbanka fyrr um daginn og þeir peningar sem hann var með í fórum sínum hefðu verið hluti af þeirri úttekt. Ekki hefði verið um að ræða peninga sem aflað var með sölu fíkniefna.

*Varðandi 10. ákærulið:*

Ákærði greindi meðal annars frá því að hafa keypt umrætt reiðhjól af óþekktum manni í gegnum nánar tilgreinda vefsíðu. Á sömu vefsíðu væri jafnan verið að selja ýmiss konar varning í skiptum fyrir fíkniefni eða peninga. Kaupin hefðu verið gerð daginn áður en ákærði var handtekinn. Hann hefði greitt fjörutíu þúsund krónur fyrir reiðhjólið en verðmæti þess verið á milli tvö hundruð og þrjú hundruð þúsund krónur. Sér hefði þótt þetta vera of gott til að vera satt og meira verið að hugsa um það á þeim nótum eftir á. Hann hefði verið í fíkniefnaneyslu á þessum tíma og ekki verið að velta því sérstaklega fyrir sér hvort um væri að ræða þýfi eða hver væri uppruni reiðhjólsins. Hann hefði hins vegar ekki keypt hjólið ef hann hefði vitað að það væri þýfi. Þá hefði það ekki verið hann sem máði raðnúmer af stelli reiðhjólsins.

*Varðandi 11. ákærulið:*

Í framburði ákærða kom meðal annars fram að hann hefði umrædda nótt verið gestkomandi á þeim stað sem greinir í ákæru. Hann hefði verið undir áhrifum vímuefna. Lögreglumenn hefðu komið á staðinn út af kvörtun um hávaða og viljað ræða við húsráðanda. Ákærði hefði komið til dyra og meinað þeim að koma inn, auk þess sem húsráðandi hefði ekki viljað afskipti lögreglu. Ákærði hefði stuttu síðar orðið var við lögreglumenn þar sem þeir voru komnir í bakgarðinn að horfa inn um glugga húsnæðisins. Þá hefði hann séð að þeir sýndu fyrrgreindu reiðhjóli áhuga þar sem það stóð ólæst við húsið. Ákærði hefði gert athugasemdir við störf lögreglu og meðal annars verið ósáttur við að þeir væru að skipta sér af reiðhjólinu. Það hefði verið hans eign. Ákærði hefði fengið fyrirmæli frá lögreglu um að standa kyrr og stíga frá. Hann hefði hlýtt þeim fyrirmælum að einhverju leyti án þess að taka því vel. Hann hefði síðan spurt hvort lögreglumennirnir væru að verða búnir að skoða reiðhjólið og verið óþolinmóður í þeirra garð. Þá hefði hann tekið í reiðhjólið, þar sem lögreglumennirnir voru að eiga við það, og ætlað að teyma það burt. Það hefði leitt til þess að ákærði var beittur hörku af lögreglu og fleiri lögreglumenn hefðu komið á staðinn til aðstoðar. Ákærði hefði síðan verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Ekki eru efni til frekari reifunar á framburði ákærða um framangreind atvik.

2.

*Varðandi 1. ákærulið:*

Brotþolin A greindi meðal annars frá því að þau ákærði hefðu á þeim tíma sem um ræðir verið kærustupar og búið saman á þeim stað sem greinir í ákæru. Hún hefði hins

vegar verið með skráð lögheimili hjá móður sinni á öðrum stað. Ákærði hefði verið skráður leigutaki húsnæðisins samkvæmt leigusamningi. Þau hefðu verið saman sem kærustupar frá því í janúar það ár. Þá hefðu þau í júní og júlí sama ár verið á ferðalagi erlendis og ákærði beitt hana ofbeldi og þau fallið í fíkniefnaneyslu á þeim tíma. Umrætt kvöld í ágúst hefðu þau bæði sprautað sig með kókaíni. Þau hefðu svo farið í göngu í Elliðaárdal og þar hefði brotþoli aftur sprautað sig með fyrrgreindu efni. Það hefði leitt til þess að hún missti meðvitund og féll á jörðina. Þá kvaðst hún ekki vita hvað ákærði gerði á meðan það stóð yfir. Hún hefði rankað við sér nokkru síðar og þau gengið heim og hún lagst í hvílu. Hún hefði nokkru síðar um kvöldið, á meðan þau voru heima, viljað neyta meira af fíkniefnum. Þá hefði hún orðið ósátt við ákærða fyrir það að hann hefði fargað öðrum fíkniefnum sem voru til á heimilinu. Hún hefði í greint skipti viljað komast út og ákærði verið afbrýðisamur. Hann hefði brugðist illa við og verið með meiningar um að hún væri að fara að hitta aðra karlmenn og neyta fíkniefna.

Ákærði hefði gripið og togað í hana þar sem þau voru stödd í svefnherbergi og hún leitaði útgöngu. Það hefði leitt til þess að hún lenti ofan á rúmi. Hún hefði í framhaldi reynt að komast út úr herberginu og fram í eldhús og þar hefði hann hrint henni á skáp og hún fengið á sig högg. Brotþoli greindi frá frekari átökum inni í húsnæðinu en kvaðst ekki muna allt sem gerðist. Greindi hún meðal annars frá því að ákærði hefði látið högginn dynja á henni og hún endað á gólfinu. Hún hefði reynt að verjast höggum með því að bera hendurnar fyrir sig, snúa sér á grúfu og reyna að koma sér á fætur. Greindi hún frá því að ákærði hefði beitt fótafli, meðal annars haldið henni niðri, sparkað í hana, sett hnéd í bakið á henni og stappað á fót, læri og hönd. Einnig hefði hann rykkt henni til sín með því að grípa um hár hennar þegar hún reyndi að komast frá honum. Brotþoli hefði reynt að kalla á hjálp og vitað af fólki annars staðar í húsinu en ákærði hefði reiðst út af hljóðunum í henni. Hann hefði beitt hana hörku til að fá hana til að hætta gráti og öskrum. Hún ætti að hafa hljótt og þá myndi hann sleppa henni og hætta að beita hana hörku. Hún hefði látið undan ákærða og fengið að hringja í föður sinn sem hefði komið nokkru síðar og sótt hana og farið með hana annað.

Frekar spurð út frá verknaðarlýsingu ákæru kannaðist brotþoli í öllum aðalatriðum við lýsingu á meintu ofbeldi, þar með talið að ákærði hefði kýlt hana ítrekað með krepptum hnefa, traðkað á henni og kýlt hana ítrekað í höfuð, líkama og hendur. Einnig að hann

hefði öskrað á hana og tekið fyrir munn hennar, auk þess að taka hana kverkataki. Hún hefði hins vegar ekki misst meðvitund. Hún hefði eftir þetta verið með margvíslega áverka og marbletti á öllum líkamanum og átt erfitt með að kyngja. Frekar spurð um fyrrgreind atvik kvaðst brotþoli ekki kannast við að ákærði hefði í greint sinn verið með áverka eða blæðingu eftir hana. Þá hefði hún ekki ráðist á ákærða og ekki hefði verið um að ræða gagnkvæmar ryskingar þeirra á milli.

Brotþoli hefði síðar sama dag leitað á fíknigeðdeild Landspítalans og hún litið svo á að þau ákærði væru hætt saman sem kærustupar. Þau hefðu hins vegar tekið saman aftur nokkrum dögum síðar eftir að ákærði lofaði að bæta sig.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Brotþoli greindi frá því að brestir hefðu verið í sambandi hennar og ákærða á þessum tíma og hún margsinnis verið búin að reyna að slíta því og segja ákærða að því væri lokið. Ákærði hefði verið annarrar skoðunar og viljað halda því áfram. Hún hefði frá því á föstudeginum fyrir meint atvik haldið til hjá vinum sínum og ákærði margsinnis verið að reyna að ná símasambandi við hana á þeim tíma. Hún hefði að lokum svarað og ákærði verið æstur og verið með ofbeldishótanir sem beindust að vini hennar. Að morgni umrædds sunnudags hefði vinur hennar, I, keyrt hana heim og hann síðan farið. Hún hefði síðan farið inn til sín og orðið þess áskynja að ákærði var þar inni, liggjandi í rúmi. Hann hefði risið á fætur og boðið hana velkomna. Hún hefði *frosið* því að ákærði hefði ekki átt að vera í íbúðinni og ekki átt að vera með lykla til að komast þar inn. Hann hefði hins vegar reynst vera búinn að hafa samband við ættingja hennar, sem var með lykla, og fengið viðkomandi til að hleypa sér inn. Fjölskyldan hefði á þeim tíma ekki vitað um það sem á undan var gengið varðandi samband hennar og ákærða.

Brotþoli greindi frá frekari átökum inni í húsnaðinu en hún kvaðst muna þau atvik í *móðu* eða aðeins í minningarbrotum. Hún tók fram að ákærði hefði verið yfirvegaður en árásgjarn. Greindi hún meðal annars frá barsmíðum, hótunum um líflát og ofbeldi. Einnig greindi hún frá kverkataki og að ákærði hefði endurtekið barið hana með kerta-stjaka í höfuð og líkama. Þá lýsti hún því að hún hefði ekki komist frá ákærða, hún hefði reynt að velta sér á grúfu og verjast höggum í andlitið samhliða því að hún hefði beðið ákærða að slá sig ekki í andlitið. Brotþoli hefði fundið fyrir hatri eða mikilli reiði frá ákærða og að hann væri ósáttur við að hún hefði verið í samskiptum við aðra menn.

Ákærði hefði tekið frá henni símann og falið hann. Þá hefði hann meinað henni að fara og lagt að henni að hafa hljótt. Hún hefði upplifað raunverulega hættu og trúað því á þessum tíma að hann ætlaði að drepa hana. Hún hefði ekki megnað lengur að öskra og kalla eftir hjálp og viljað að þessu lyki. Svo hefði hún náð augnsambandi við ákærða og það leitt til þess að hann dró sig í hlé. Ákærði hefði síðan sagt henni að þau væru að fara að sofa. Hún hefði í framhaldi reynt að innbyrða lyfjatöflur en ákærði komið í veg fyrir það með því að beita hana hörku. Hann hefði rifið í hárið á henni, opnað á henni munninn með handafli og fjarlæggt töflurnar úr munnholinu. Barsmíðar hefðu haldið áfram uns hann sagði að þau væru að fara að sofa. Ákærði hefði lagt hana niður við hlið sér og haldið henni með því að setja hand- og fótlegg á sér yfir hana og í framhaldi sofnað. Brotapoli hefði legið og beðið þess að hann sofnaði og síðan farið hljóðlega á fætur. Hún hefði fundið símann sinn, sent I skeyti og/eða hringt í hann og beðið hann hljóðlega að koma að sækja sig og hann komið fljótlega og farið með hana á bráðamóttöku.

Frekar spurð út í meint ofbeldi út frá verknaðarlýsingu ákæru kannaðist brotapolí í nokkrum atriðum við téða lýsingu að því frátöldu að hún kvaðst ekki muna hvort ákærði reif í hár hennar, hvort hann skellti henni í rúm og hvort hann potaði í auga hennar. Ógn hefði stafað af ákærða og hún óttast um líf sitt og heilbrigði. Frekar spurð um ástand áður en hún kom heim umrædda nótt kvaðst brotapolí ekki hafa verið undir miklum áhrifum vímuefna. Þá kvaðst hún kannast við framburð sinn hjá lögreglu um að hafa sagt ákærða að hún hefði verið með öðrum manni áður en hún kom heim. Sambandi hennar og ákærða hefði verið lokið á þessum tíma. Frekar spurð um högg með kertastjaka greindi brotapolí frá því að þau hefðu verið veitt í höfuð og líkama, tuttugu til þrjátíu sinnum, og að hún hefði reynt að verja andlitið. Brotapolí kvaðst ekki hafa upplifað framangreind meint atvik sem rýsingar, hún hefði ekki séð áverka á ákærða og brotavilji hans verið einbeittur.

Þessu til viðbótar greindi brotapolí frá mikilli andlegri vanlíðan, kvíða og áfallastreitu, eftir hin meintu brot. Hún væri með stöðugar áhyggjur út af ákærða, meðal annars hvort hann setti sig í samband við hana að nýju, auk þess sem ákærði hefði sætt nálgunarbanni um nokkurt skeið. Þá hefði hann nokkru síðar ónáðað núverandi kærasta hennar og barnsföður.

*Varðandi 3. og 5. ákærulið:*

Fyrirgreindur brotaþoli, hér eftir nefnd vitni eftir því sem við á, greindi einnig frá atvikum að kvöldi föstudagsins 3. júlí 2020 við veitingastaðinn [...]. Hún hefði verið að hitta vini sína og setið við borð með þeim utandyra. Ákærði hefði skyndilega komið á staðinn og viljað ræða við hana. Henni hefði brugðið og hún verið ófús að ræða við hann og beðið hann að fara. Hann hefði ekki sinnt því og verið æstur og undir áhrifum fíkniefna. Vinir hennar hefðu vikið frá og samskipti hennar og ákærða þróast með þeim hætti að hann kastaði til bekk svo hún lenti á jörðinni. Hann hefði síðan króað hana af uppi við vegg. Aðrir nálægir gestir hefðu komið vitninu til hjálpar og viljað að ákærði léti hana í friði. Ákærði hefði þessu næst tekið upp hníf en hún ekki séð hvað hann gerði með hnífinn heldur fært sig burt. Þá greindi vitnið frá því að ákærði hefði á þeim tíma þegar þau bjuggu saman verið að selja amfetamín og læknaþyf og kvaðst vitnið telja að svo hefði einnig verið fyrirgreint kvöld.

3.

*Varðandi 1. ákærulið:*

Vitnið J, faðir brotaþola, bar meðal annars um að hafa fengið símtal um klukkan fjögur umrædda nótt. Brotaþoli hefði verið í miklu uppnámi og beðið vitnið að koma og sækja sig þangað sem hún bjó á þeim tíma. Þá hefði vitnið átt að hraða sér á staðinn. Brotaþoli hefði meðal annars verið með marbletti og ekki litið vel út þegar vitnið kom og sótti hana. Hann hefði ekki séð áverka á ákærða eða ekki tekið eftir þeim. Ákærði og brotaþoli hefðu bæði verið í miklu uppnámi og öskrað hvort á annað fyrir utan húsið. Vitnið hefði ákveðið að fara strax af staðnum með brotaþola. Í frásögn hennar eftir á hefði komið fram að hún hefði verið í áflogum og ákærði hefði veist að henni. Brotaþoli hefði stuttu síðar verið lögð inn á fíknigeðdeild á Landspítalanum en hún tekið aftur saman við ákærða nokkru síðar.

4.

*Varðandi 1. ákærulið:*

Vitnið C læknir gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir læknisvottorði. Um vætti hennar vísast að mestu til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um fyrirgreint vottorð, sbr. kafla II/1. Vitnið greindi einnig frá því að brotaþoli hefði verið með áverka á hnacka en láðst hefði að geta þess við frágang læknisvottorðs. Jafnframt kom fram í vætti hennar að áverkarnir hefðu samrýmst frásögn brotaþola um meinta

hrottalega líkamsárás sem hefði átt sér stað um þremur dögum áður en hún leitaði á bráðamóttöku. Þá hefði hún verið trúverðug í þeirri lýsingu. Um hefði verið að ræða áverka víðs vegar á líkamanum, andliti og hálsi. Áverkarnir hefðu síður samrýmst því að vera afleiðing af því að detta á jörðina í tengslum við yfirlið og flogakast. Lítill blettur á hálsi og frásögn brotaþola af eymslum í hálsi og óþægindum og erfiðleikum við að kyngja drykk og neyta fæðu hefðu samrýmst frásögn um meint hálstak. Í frásögn hennar hefði ekki komið fram að hún hefði dottið í Elliðaárdal. Áverkarnir hefðu ekki verið metnir alvarlegir og batahorfur taldar vera góðar. Þeir hefðu hins vegar getað orðið alvarlegir miðað við lýsingu brotaþola á meintri hrottalegri árás.

## 5.

*Varðandi 1. og 2. ákærulið:*

Vitnið K, systir ákærða, greindi meðal annars frá því að hafa verið í samskiptum við brotaþola stuttu eftir meint atvik samkvæmt 1. ákærulið. Brotaþoli hefði greint vitninu frá því að hún hefði verið að slást við ákærða og hún hefði *tekið á móti*. Lýsing brotaþola á þeim atvikum hefði meðal annars verið þess efnis að um hefði verið að ræða gagnkvæmar ryskingar. Brotaþoli hefði einnig greint frá því að hún hefði verið að neyta fíkniefna með ákærða á þessum tíma og *það endað með margra daga rugli, slagsmálum og leiðindum* þeirra á milli. Vitnið greindi einnig frá samskiptum við ákærða stuttu eftir meint atvik samkvæmt 2. ákærulið. Ákærði hefði greint vitninu frá því að hafa fyrr um kvöldið eða nóttina verið staddur á bar með brotaþola. Hann hefði orðið leiður á henni og farið heim. Brotaþoli hefði síðar um nóttina eða morguninn komið heim og verið undir áhrifum vímuefna. Hún hefði verið að hreyta í hann ónotum og ögra honum. Almennt um samband ákærða og brotaþola greindi vitnið frá því þau hefðu ekki verið búin að vera lengi saman sem kærustupar þegar meint atvik áttu sér stað samkvæmt 1. ákærulið. Þá hefði í gegnum tíðina verið *mikið rugl* á þeim báðum og þau endurtekið verið að hætta og byrja saman aftur, samhliða því að búa saman. Ekki eru efni til frekari reifunar á framburði vitnisins.

## 6.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Vitnið F gaf skýrslu símléiðis og greindi meðal annars frá því að hafa verið í samkvæmi og brotaþoli og ákærði hefðu nýlega verið hætt saman sem kærustupar á þeim tíma. Frekar spurður kvaðst vitnið ekki muna hvort þau bjuggu saman eða hvernig sambandi

þeirra var nákvæmlega háttað á þeim tíma en að hann minnti að þau hefðu verið hætt saman. Brotapoli hefði verið í samkvæminu með öðrum nafngreindum manni og þau verið undir áhrifum vímuefna. Þá hefði vitnið ekki orðið var við að brotapolí talaði við ákærða í síma á meðan hún var í samkvæminu.

7.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Vitnið I, vinur brotapolá, greindi meðal annars frá því að hafa mótttekið símtal frá brotapolá umrædda nótt. Hún hefði hvíslað í símann og beðið vitnið að sækja sig. Vitnið hefði komið á staðinn stuttu síðar og brotapolí komið hlaupandi út og sest upp í bifreiðina. Hún hefði verið í miklu uppnámi en ekki greint mikið frá því hvað hefði gerst. Hún hefði verið í fötum og vitnið ekki séð áverka á líkama hennar. Eitthvað óvenjulegt hefði hins vegar verið með varir hennar. Vitnið hefði síðan farið með brotapolá á bráðamóttöku og sótt hana nokkrum klukkustundum síðar. Frekar spurður kvaðst vitnið ekki muna eftir hvort hann hefði fyrr um nóttina, áður en hann fékk fyrrgreint símtal, keyrt brotapolá heim til hennar. Það væri hugsanlegt, hann hefði oft verið að keyra hana. Þá hefði hann umrædda nótt verið að vinna við akstur leigubifreiðar.

8.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Vitni, lögregluvarðstjóri nr. L, staðfesti og gerði nánar grein fyrir frumskýrslu. Um vætti hans vísast að mestu til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um téða skýrslu, sbr. lið II/2. Þá kom meðal annars fram hjá vitninu að brotapolí hefði virst vera verkjuð en vel áttuð og ekki áberandi undir vímuáhrifum. Hún hefði gefið trúverðuga frásögn af meintu ofbeldi ákærða sem var tilefni þess að hún leitaði á bráðamóttöku. Brotapolí hefði meðal annars lýst því að ákærði hefði slegið hana í andlitið, slegið hana með kertastjaka og tekið um hálsinn á henni. Frekari rannsókn málsins hefði verið í höndum rannsóknar-lögreglumanns.

9.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. M, bar meðal annars um að hafa verið sendur á þann stað sem greinir í ákæru við upphaf rannsóknar málsins. Tilgangurinn hefði verið að athuga hvort ákærði væri á staðnum, og vitnið hefði séð hreyfingu innandyra. Fleiri lögreglumenn

hefðu komið til aðstoðar. Ákærði hefði komið til dyra og verið rólegur en drafandi í tali. Ákærða hefði verið kynnt sakarefnið og í framhaldi hefði hann verið handtekinn og fluttur á lögreglustöð án mótþróa. Vitnið hefði farið inn í íbúðina og séð ummerki eins og eitthvað hefði gengið á og *allt verið á rúí og stúi*. Þá hefði kertastjaki fundist á staðnum sem passaði við lýsingu brotaþola á meintu broti.

10.

*Varðandi 1 og 2. ákærulið:*

Vitni, rannsóknarlögreglumaður nr. N, gaf skýrslu símleiðis og gerði grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn máls samkvæmt 2. ákærulið. Í framburði vitnisins kom meðal annars fram að hún hefði hitt brotaþola á bráðamóttöku stuttu eftir meint brot. Hún hefði greint vitninu frá meintu grófu ofbeldi ákærða í hennar garð fyrir um nóttina og að vinur hennar hefði ekið henni á bráðamóttöku. Brotaþoli hefði verið róleg en miður sín þegar vitnið talaði við hana. Frekar spurð kvaðst vitnið staðfesta að rétt væri skráð í lögregluskýrslu að brotaþoli hefði jafnframt verið illa áttuð í umrætt skipti. Framburður brotaþola um hið meinta ofbeldi hefði verið mjög trúverðugur og samrýmst vel áverkum sem voru á henni á þeim tíma. Þeir áverkar hefðu verið mjög miklir og vitnið hefði því fengið réttar-meinafræðing til að koma að rannsókninni. Vitnið kannaðist einnig við að fram hefði komið hjá brotaþola að ákærði hefði á árinu á undan beitt hana ofbeldi.

11.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Vitni, lögreglufulltrúi nr. O, gaf skýrslu símleiðis og staðfesti skýrslu tæknideildar um rannsókn og ljósmyndir af haldlögðum kertastjaka. Við rannsóknina hefði meðal annars komið í ljós að blóð var á kertastjakanum, auk þess sem langt ljóst hár hefði verið á honum. Sýni af hvoru tveggja hefði í framhaldi verið sett í sýnapoka og varðveitt í muna-geymslu en téð sakargögn ekki verið rannsökuð frekar.

12.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Vitnið E læknir gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir læknisvottorði. Um vætti hans vísast að mestu til þess sem áður greinir í málavaxta-lýsingu um efni fyrrgreinds vottorðs, sbr. lið II/2. Í vætti hans kom meðal annars fram að brotaþoli hefði við læknisskoðun virst hafa orðið fyrir nýlegu áfalli. Áverkar sem voru á

henni hefðu verið nýlegir og samrýmst mjög vel frásögn hennar um meint ofbeldi. Þeir hefðu verið útbreiddir og komið heim og saman við frásögn um endurtekin högg á líkamann. Hið sama ætti við um nefbrot hjá brotþola. Útbreiddir marblettir á fótleggjum og lærum hefðu samrýmst frásögn hennar um endurtekin högg með kertastjaka. Þá hefðu marblettir á hálsi og lítil íferð á lunga samrýst frásögn brotþola um meinta kyrkingu og meðvitundarleysi. Almennt séð væri kverkatak lífshættulegur áverki samhliða meðvitundarmissi. Dauði væri þá jafnan nálægur, auk þess sem hætta væri á æðaskemmdum. Að því virtu væri árás af þeim toga alltaf lífshættuleg.

### 13.

*Varðandi 1. og 2. ákærulið:*

Vitnið D réttarmeinafræðingur staðfesti og gerði nánar grein fyrir fyrrgreindri matsgerð um áverka brotþola frá 10. ágúst 2019, sbr. 1. ákærulið. Um vætti hans vísast að mestu til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um matsgerðina. Að auki kom fram í vætti D að umræddir áverkar hefðu mismikið *sértæki* þannig að þeir hefðu getað skýrst af því að annar maður hefði valdið þeim, eins og nánar væri rakið í matsgerð. Um væri að ræða ólíka áverka á ólíkum svæðum. Sumir áverkarnir væru hins vegar dæmigerðir eins og eftir hnefahögg, til dæmis þeir sem voru á andliti brotþola. Áverkar á henni gætu að einhverju marki skýrst af krampakasti en heilt á litið væri áverkamyndin ekki dæmigerð fyrir slíkt. Til frekari skýringar tók vitnið fram að ekki væri um að ræða sár og marbletti á útstandandi hlutum líkamans eins og nefi, augnabrúnum, hnjám og olnbogum. Þá gætu einhverjir af þessum áverkum skýrst af falli á jörðina en áverkamyndin, heilt á litið, væri hins vegar ekki dæmigerð fyrir það. Ekki væri unnt að útiloka áverka á enni eftir fall en slíkir áverkar, þ.e. leðurhúðarblæðingar, væru yfirleit til komnar við minni kraft en fall. Þar væri um að ræða fíngerðari áverka sem samrýmdust betur snarpari höggum. Heilt á litið væri áverkamyndin því fremur af þeim toga að brotþoli hefði sætt líkamlegu ofbeldi.

Réttarmeinafræðingurinn staðfesti og gerði nánar grein fyrir fyrrgreindri matsgerð um áverka brotþola sem hún var með við réttarlæknisfræðilega skoðun 13. júlí 2020, sbr. 2. ákærulið. Um vætti hans vísast, eins og áður, að mestu til þess sem greinir í málavaxtalýsingu um téða matsgerð. Frekar spurður um áverka á læri brotþola kvaðst vitnið telja að þeir samrýmdust höggi frá kertastjaka sem var lagt hald á við rannsókn málsins en síður að þeir hefðu komið við það að stjakanum hefði verið kastað í brotþola. Rannsókn

benti hins vegar ekki til þess að brotaþoli hefði verið sleginn í höfuð eða andlit með kertastjakanum. Heildarmynd af áverkum brotaþola hefði verið á þá leið að þeir hefðu verið veittir af öðrum manni. Áverkamyndin væri útbreidd og samrýmdist því að hún hefði hlotið högg í höfuð, búk og brjóst í formi sparka og hnefahögga. Áverkarnir hefðu verið ferskir og samrýmst því að hafa orðið til umrædda nótt 12. júlí 2020. Þeir hefðu ekki verið lífshættulegir. Það hefði hins vegar verið lífshættulegt fyrir brotaþola ef gerandi hefði tekið um háls hennar, eins og læknisfræðileg gögn bentu til að hefði gerst, og út frá þeirri forsendu að það hefði leitt til þess að hún missti meðvitund. Ekki væri hins vegar út frá téðum gögnum unnt að segja til um hvort brotaþoli hefði í raun misst meðvitund og ekkert væri í gögnum sem benti til súrefnisskorts hjá henni. Þá kvaðst vitnið ekki hafa gert læknisfræðilegan mun á hálstaki og kverkataki í tengslum við rannsókn sína.

#### 14.

*Varðandi 3. og 4. ákærulið:*

Brotaþolinn B greindi meðal annars frá því að hafa umrætt kvöld, ásamt fleirum, verið staddur utandyra í bakgarði við veitingastaðinn sem greinir í ákæru. Brotaþoli hefði heyrt læti fyrir aftan sig og hann litið við og séð konu liggja á jörðinni. Þá hefði ókunnugur maður, ákærði, verið þar nálægur að tala við H sem brotaþoli kannaðist við. Ákærði hefði verið *sturlaður*, mjög æstur og ósáttur og virst vera til alls líklegur gagnvart H. Brotaþoli hefði staðið á fætur og gengið í áttina að þeim, sett hendurnar upp í loftið með lófana opna og á sama tíma sagt eitthvað á þá leið, *hei, vó, vó vó*, í þeirri merkingu að hann væri að grennslast fyrir um hvað væri að gerast. Þá hefði ákærði fært sig raleiðis í áttina að brotaþola og lagt til hans tvívegis með hníf. Brotaþoli hefði í raun ekki séð hnífinn fyrr en eftir á en hann hefði hins vegar fundið fyrir hnífsblaðinu.

Nánar tiltekið hefði ákærði haldið þannig á hnífnum að blaðið vísaði niður og til hliðar. Þá hefði ákærði sveiflað hnífsblaðinu í átt að honum, fram og til baka, þar sem þeir stóðu hvor á móti öðrum. Brotaþoli hefði náð að víkja sér undan en hnífsblaðið farið í og rífið hluta af ytra byrði á leðurjakka brotaþola. Á sama eða svipuðum tíma hefði vinur brotaþola gripið í hann aftan frá, dregið hann frá ákærða og því næst tekið sér stöðu til að verja þá fyrir frekari árás. Árásinni hefði í raun ekki verið lokið á þeim tímapunkti. Ákærði hefði áfram verið mjög æstur og árásargjarn og mikil ógn stafað af honum gagnvart viðstöddum. Brotaþoli hefði óttast um líf sitt og heilsu.

Brotapoli hefði hringt í lögreglu og aðrir nálægir, þar með taldir dyraverðir, farið að skipta sér af ákærða. Ákærði hefði farið burt nokkru síðar og brotapolí og fleiri elt hann niður á Vatnsstíg þangað sem lögregla kom. Lögreglumenn hefðu gefið ákærða skýr og endurtekin fyrimæli um að leggjast á jörðina en hann hefði ekki hlýtt þeim. Að auki hefði ákærði verið úðaður með piparúða en það ekki virst duga til. Einhver úr hópnum hefði að lokum komið lögreglu til hjálpar og fellt ákærða á jörðina og hann í framhaldi verið yfirbugaður. Brotapoli greindi nánar frá líðan sinni eftir á og kom meðal annars fram að mikill kvíði og vanlíðan hefði sótt á hann og hann leitað sér aðstoðar út af því.

## 15.

*Varðandi 3. ákærulið:*

Vitnið H greindi meðal annars frá því að hafa setið til borðs með A umrætt kvöld í umræddum bakgarði. Ákærði, sem vitnið kannaðist við, hefði komið á staðinn og verið frekar pirraður og viljað ræða við A en hún ekki viljað ræða við hann. Ákærði hefði verið klæddur eins og iðnaðarmaður og með hníf slíðraðan í beltí. Vitnið kvaðst muna mjög óljóst hvað gerðist næst en borð sem þau sátu við hefði hvolfst út af ákærða. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð eða muna hvað gerðist eftir það en einhverjir hefðu stokkið til og einhvers konar átök átt sér stað. Vitnið kvaðst ekki geta lýst því nánar og hann hefði ekki séð hvort ákærði dró upp hníf. Ekki eru efni til frekari reifunar á framburði vitnisins.

## 16.

*Varðandi 3. og 4. ákærulið:*

Vitnið P greindi meðal annars frá því að hafa setið til borðs með brotapolanum B og fleira fólki umrætt kvöld í fyrrgreindum bakgarði. Þau hefðu heyrt læti á bak við sig og brotapolí og fleiri staðið á fætur. Ókunnugur maður þarna rétt hjá, þ.e. ákærði, hefði verið mjög reiður og virst vera að rífast við konu. Brotapoli hefði gefið sig að þeim og þá hefði *eitthvað gerst*. Vitnið hefði á sama tíma heyrt að kallað var að ákærði væri með hníf. Hræðsla hefði gripið um sig á staðnum. Vitnið kvaðst telja sig hafa séð ákærða halda á hníf með gulu skefti og vera að reyna að stinga brotapolá. Þá hefði ákærði haldið á hnífnum þegar hann kom stuttu síðar að vitninu og félögum þar sem þau voru að færa sig til baka og verjast honum. Ákærði hefði verið ógnandi og dyraverðir komið til aðstoðar. Loks hefði kona sem var með þeim náð að taka hnífinn úr vasa ákærða. Eftir það hefði hann fært sig út á götu og vitnið og fleiri elt hann eftir Laugavegi. Ákærði hefði stuttu

síðar, þar sem hann var staddur á nálægri götu, ekki farið að fyrirmælum lögreglu um að leggjast á jörðina. Þá hefði piparúði lögreglu ekki virst hafa tilætluð áhrif á hann. Vitnið hefði stuttu síðar aðstoðað lögreglu við handtöku með því að fella ákærða á jörðina.

17.

*Varðandi 3. og 4. ákærulið:*

Vitnið G bar meðal annars um að hafa setið til borðs með brotapolu og fleira fólki umrætt kvöld í fyrrgreindum bakgarði. Vitnið hefði heyrt dynk fyrir aftan sig og hann og brotapolinn B staðið á fætur til að athuga hvað hefði gerst. Um leið hefði brotapolinn baðað út höndum og sagt eitthvað eins og *vó, vó, vó* samhliða því að nálgast ókunnugan mann, þ.e. ákærða. Ákærði hefði þá fyrirvaralaust sveiflað hníf í eitt skipti í áttina að brotapolu. Vitnið hefði séð þetta greinilega og verið viss um að hnífurinn myndi skaða brotapolu en hnífurinn farið í jakkann og rífið hann. Skeftið á hnífnum hefði verið gult. Ákærði hefði haldið á hnífnum þannig að hnífsblaðið vísaði niður og til hliðar. Það hefði verið eins og ákærði beitti hnífnum gegn brotapolu vegna þess að hann og vitnið nálguðust hann. Vitnið hefði tekið í brotapolu aftan frá og dregið hann að sér og þeir hörfað til baka. Í framhaldi hefði vitnið leitast við að verjast frekari árás af hálfu ákærða sem áfram hélt á hnífnum. Vitnið hefði upplifað atvikið sem tilefnislausu og hrottafengna árás ákærða og hann hefði verið æstur og ógnandi. Ákærði hefði nokkru síðar sett hnífinn í vasa og dyraverðir reynt að hafa afskipti af honum. Vinkona vitnisins hefði á svipuðum tíma náð hnífnum frá ákærða án þess að hann yrði þess var. Ákærði hefði í framhaldi gengið á brott og vitnið og fleiri veitt honum eftirför. Lögreglumenn hefðu komið stuttu síðar og gefið ákærða fyrirmæli um að stansa og leggjast á jörðina, auk þess að sprauta hann með piparúða. Ákærði hefði ekki farið að fyrirmælum lögreglu og félagi vitnisins stuttu síðar aðstoðað lögreglu við handtöku með því að koma ákærða á jörðina.

18.

*Varðandi 3. ákærulið:*

Vitnið Q greindi meðal annars frá því að hafa verið á umræddum veitingastað og séð ókunnugan mann, ákærða, halda á hníf og sveifla honum í kringum sig. Hann hefði verið æstur og ógnandi og aðrir á staðnum að reyna að forðast hann. Vitnið hefði ekki séð upphaf fyrrgreindra atvika. Ákærði hefði stuttu síðar sett hnífinn í rassvasa og farið að velta við bekkjum. Vitnið hefði á sama tíma nálgast ákærða aftan frá, tekið hnífinn úr rassvasanum og hlaupið með hann inn á veitingastaðinn og látið starfsfólk hafa hann.

Hún hefði eftir það haldið sig til hlés innandyra. Frekar spurð kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða stinga með hnífnum, aðeins að hann hefði sveiflað honum og verið ógnandi, eins og áður greinir. Enn frekar spurð út frá lögregluskýrslu kvaðst vitnið muna eftir brotapolanum B og að hann hefði verið í mikilli geðshræringu eftir þetta. Þá kvaðst hún einnig að nokkru kannast við það sem haft var eftir henni í lögregluskýrslu, að maðurinn með hnífinn hefði stungið í leðurjakka annars manns. Vitnið gerði hins vegar athugasemd við lögregluskýrsluna um að rétt væri eftir henni haft um nánar tilgreind tengsl mannanna. Þá tók vitnið fram að nokkur tími væri liðinn frá því að umrædd atvik áttu sér stað og hún myndi þau ekki öll mjög vel, sem og að hún hefði verið undir áhrifum áfengis.

19.

*Varðandi 3. og 4. ákærulið:*

Vitnið R gaf skýrslu símleiðis og greindi meðal annars frá því að hafa setið til borðs með brotapolanum B á útisvæði við [...]. Skyndilega hefðu heyrst læti frá næsta borði eins og væri verið að kasta því eða snúa því á hvolf. Fólki hefði verið brugðið. Brotapoli hefði staðið upp og snúið sér við og tekið eitt skref í áttina að ókunnugum manni, ákærða. Á sama tíma hefði ákærði komið á móti brotapola og sveiflað öðrum handleggnum í áttina að honum. Brotapoli hefði skyggt á útsýni vitnisins þegar þetta gerðist en strax á eftir hefði vitnið séð að ákærði hélt á hníf í hendinni sem hann hafði sveiflað í áttina að brotapola. Það hefði verið alveg greinilegt. Þá hefði vitnið séð um leið að föt brotapola voru skorin eftir þetta. Ákærði hefði haldið á hnífnum og sveiflað honum í kringum sig. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna hvernig ákærði hélt á hnífnum. Ógn hefði stafað af ákærða og hann virst vera árásargjarn og vitnið óttast um líf sitt. Fólk hefði reynt að halda fjarlægð og aðrir verið að reyna að ná hnífnum af honum. Að lokum hefði kona á staðnum náð hnífnum frá ákærða. Vitnið hefði á meðan fyrrgreind atvik áttu sér stað heyrt út undan sér að búið væri að hringja á lögreglu. Þá hefði enginn á staðnum verið að hóta að lemja ákærða eða hrópa níð að honum. Vitnið hefði ásamt fleirum veitt ákærða eftirför og séð þegar lögregla kom á staðinn. Ákærði hefði virst vera ógnandi í garð lögreglu. Þá hefði ákærði ekki farið að fyrir mælum lögreglu um að leggjast á jörðina.

20.

*Varðandi 3., 4. og 5. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. S, gaf skýrslu símleiðis og greindi meðal annars frá því að hafa verið send að veitingastaðnum [...] vegna tilkynningar sem barst um að maður hefði reynt

að stinga annan mann með hnífi. Vitnið hefði verið meðal fyrstu lögreglumanna sem komu á staðinn. Vitnið hefði séð til ákærða á Laugaveginum að hraða sér frá staðnum. Klæðnaður hans og útlit hefði passað við lýsingar frá þeim sem voru á staðnum á meintum geranda. Vitnið og fleira fólk, fimm til tíu manns, hefðu elt ákærða niður á Vatnsstíg. Ákærða hefðu ekki verið gefin fyrirmæli um að stansa, hann hefði sjálfur stansað, lyft upp höndum og gengið í áttina að vitninu. Ákærði hefði í fyrstu verið ógnandi en það ekki varað lengi. Þá hefði hann verið í annarlegu ástandi. Vitnið hefði gefið ákærða fyrirmæli um að leggjast niður en hann ekki hlýtt eða meðtekið fyrirmælin. Vitnið hefði síðan sprautað piparúða á ákærða til að fylgja fyrirmælunum eftir. Vegfarandi hefði svo komið lögreglu til aðstoðar, óumbeðinn, og fellt ákærða á jörðina. Ákærði hefði í framhaldi verið handtekinn, handjárnaður og fluttur á lögreglustöð. Við frekari rannsókn málsins hefðu fíkniefni og reiðufé fundist í fatnaði ákærða. Fíkniefnin hefðu verið í litlum smelluláspökum og litið út fyrir að vera sölueiningar.

21.

*Varðandi 3. og 4. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. T, greindi frá útkalli, fyrstu upplýsingum sem fengust á staðnum og eftirför ákærða með sama hætti og áður greinir um vætti lögreglumanns nr. S. Ákærða hefðu ekki verið gefin fyrirmæli um að stansa heldur sjálfur stansað á Vatnsstíg og lyft upp höndum. Hann hefði ekki hlýtt fyrirmælum um að leggjast á jörðina og fyrirmælunum verið fylgt eftir með því að úða piparúða á andlit ákærða. Ákærði hefði ekki verið ógnandi við lögreglu en upplýsingar verið á þá leið að hann væri með hníf meðferðis og því nauðsynlegt að beita piparúðanum. Ákærði hefði svo verið felldur á jörðina af vegfaranda og í framhaldi handjárnaður og fluttur á lögreglustöð.

22.

*Varðandi 3. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. U, kvaðst hafa komið að rannsókn málsins í upphafi og rætt við brotþola í lögreglubifreið. Brotþoli hefði verið undir áhrifum áfengis en vel viðræðuhæfur. Brotþoli hefði meðal annars greint frá því að reynt hefði verið að stinga hann með hnífi. Brotþola hefði verið mjög brugðið og hann hefði verið í miklu uppnámi en verið trúverðugur í frásögn.

23.

*Varðandi 3. og 4. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. V, kvaðst hafa komið á staðinn þegar búið var að handtaka ákærða. Vitnið hefði aflað upplýsinga hjá vitnum um hvað hefði gerst varðandi meinta hnífaárás stuttu áður. Vitnin hefðu flest verið róleg og gefið góða frásögn. Ekki eru efni til frekari reifunar á vætti vitnisins.

24.

*Varðandi 3. ákærulið:*

Vitnið AA, sérfræðingur í sálrænni meðferð og ráðgjöf, gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir vottorði vegna brotapolans B. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að brotþoli væri með sögu um meðferð út af kvíða. Brotþoli hefði leitað til vitnisins vegna mikils kvíða í kjölfar hinnar meintu árásar og hún í raun verið meginástæða þess að kvíðinn tók sig upp aftur.

25.

*Varðandi 10. og 11. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. BB, greindi meðal annars frá því að hafa verið sendur ásamt öðrum lögreglumanni að [...] út af hávaða og grunsamlegum mannaferðum. Vitnið hefði kannast við heimilisfangið út af öðrum lögregluafskiptum nokkru áður. Ákærði hefði komið til dyra og verið ósamvinnuþýður. Lögreglumenn hefðu fært sig í garð við húsið til að reyna að ná tali af húsráðanda. Í garðinum hefðu þeir séð nýlegt og ólæst reiðhjól af gerðinni CUBE og þá grunað að hjólið væri stolið. Lögreglumenn hefðu skoðað hjólið og athugað með verksmiðjunúmer á því. Ákærði hefði verið mótfallinn því að lögreglumenn væru að skoða reiðhjólið. Ákærði hefði komið út, verið mjög æstur og illa gengið að ræða við hann. Hann hefði meðal annars þrifið í reiðhjólið og reynt að fara með það burt. Þá hefði hann ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum um að sleppa takinu á reiðhjólinu og gefa lögreglu vinnufrið svo unnt væri að skoða það. Ákærði hefði síðan verið handtekinn með valdbeitingu og farið með hann á lögreglustöð. Hann hefði veitt mikinn mótþróa og veist að lögreglu með margvíslegum hætti en um tíma róast á lögreglustöðinni og vitnið náð að ræða við hann um reiðhjólið. Í þeim samskiptum hefði komið fram að ákærði hefði keypt reiðhjólið nokkru áður af manni sem hann hitti við Hallgrímskirkju. Ákærði hefði ekki viljað greina frá nafni seljandans né heldur hvað hann greiddi fyrir hjólið. Þá hefði ákærði greint frá því að hann grunaði að hjólið væri stolið og hann hefði verið ósáttur við að það yrði tekið frá sér.

26.

*Varðandi 10. og 11. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. CC, staðfesti frumskýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa verið sendur ásamt öðrum lögreglumanni að [...] út af hávaða. Fólk sem var þar inni hefði neitað að opna fyrir lögreglumönnum. Lögreglumenn hefðu fært sig aftur fyrir húsið. Hávaði og kannabislykt hefði komið frá húsinu. Þá hefði verið kallað í átt að lögreglumönnum að vera ekki að skipta sér af reiðhjólum sem var uppi við húsið. Reiðhjólíð hefði virst vera verðmætt. Þá hefði verið búið að breyta hnakknum á því en það væri vel þekkt aðferð með stolin reiðhjól til að gera það erfiðara að finna þau aftur. Einnig væri algengt að fjarlægja aukahluti á hjólum og afmá raðnúmer á stelli. Lögreglumenn hefðu þessu næst athugað með raðnúmerið. Ákærði hefði þá komið út úr húsinu og verið mjög æstur og ósáttur við að lögreglumenn væru að skipta sér af reiðhjólum. Þá hefði hann reynt að rífa það af lögreglumönnum. Ákærða hefðu verið gefin endurtekin fyrir mæli um að halda sig til hlés en hann ekki hlýtt þeim. Lögreglumenn hefðu því þurft að halda ákærða frá og ýta honum upp að vegg svo leiddi til átaka. Á meðan hefði ákærði verið að kalla til viðstaddra að fara burt með reiðhjólíð svo ekki væri unnt að skoða það frekar. Fleiri lögreglumenn hefðu um líkt leyti komið til aðstoðar. Ákærði hefði verið handtekinn og farið með hann á lögreglustöð. Fyrirgreindar tálmanir og truflanir hefðu verið ástæða handtökunnar, auk þess sem ákærði var ógnandi. Frekar spurður um reiðhjólíð greindi vitnið frá því að komið hefði fram hjá ákærða, á meðan hann var í haldi á lögreglustöð, að hann hefði nokkru áður keypt reiðhjólíð af manni við Hallgrímskirkju án þess að hann gæti útskýrt það frekar. Af hálfu lögreglu væri hins vegar ekki vitað nánar um uppruna reiðhjólins. Þá hefði verið búið að má raðnúmerið af stölinu.

27.

*Varðandi 10. og 11. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. DD, greindi meðal annars frá því að hafa komið á staðinn eftir á til að aðstoða við handtöku ákærða. Hann hefði verið æstur, ógnandi, ósamvinnuþýður og veitt móttþróa.

28.

*Varðandi 10. og 11. ákærulið:*

Vitni, lögreglumaður nr. EE, gaf skýrslu símleidis og greindi meðal annars frá því að hafa komið á staðinn eftir á til að aðstoða við handtöku ákærða. Hann hefði verið æstur og veitt móttþróa.

#### IV.

##### Niðurstöður:

##### 1.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Af framangreindum sönnunarreglum leiðir jafnframt að ekki hvílir á ákærvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis vegna hlutrænna refsileysisástandna, þar með talið neyðarvarnar, svo leiði til sýknu, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 248/2000. Í máli af þessum toga þarf aðgreint og sjálfstætt sönnunarmat að jafnaði að fara fram um hvert og eitt meint brot og verður sakfelling fyrir eitt ekki notuð til sönnunar um sök í öðru, þótt hún kunni að geta gefið ákveðna vísbendingu um hvatir ákærða. Að þessu virtu verður í aðalatriðum að fara fram sjálfstætt sönnunarmat á hverjum ákærulið fyrir sig og rökstuðningur dómsins að miðast við það, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 359/2002, 658/2007 og 488/2014.

##### 2.

##### *Varðandi 1. ákærulið:*

Í 1. ákærulið er ákærða gefið að sök stórfellt brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni, brotapolanum A, á tímabilinu 7.–10. ágúst 2019, á þáverandi heimili þeirra, með meintu ofbeldi og afleiðingum, eins og nánar greinir í ákæru. Í verknaðarlýsingu ákæru er háttsemi ákærða fyrst og fremst lýst sem líkamsárás með tilgreindum áverkum á líkama brotþola. Ekki er vísað til þess að ákærði hafi ógnað lífi, heilsu eða velferð hennar, eins og rétt hefði verið í ljósi orðalags 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b í almennum hegningarlögum, sbr. c-lið og eftir atvikum d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Við lestur ákærunnar er þó ljóst hverjar sakargiftir eru og hefur vörn ákærða ekki verið áfátt vegna framsetningar hennar, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærði neitar sök. Varnir hans hverfast um sönnunatriði, þ.e. að verknaðarþættir meints líkamlegs ofbeldis séu að mestu ósannaðir, eins og greinir í ákæru. Þá byggir ákærði á því að um hafi verið að ræða gagnkvæm handalögmál eða ryskingar og hann hafi að nokkru marki verið að verja sig fyrir meintu ofbeldi frá brotaþola. Telur hann að áverkar brotaþola, sem ekki er ágreiningur um að voru til staðar við lækni skoðun 10. ágúst 2019, styðji þau ætluðu atvik að nokkru marki, auk þess sem hluti áverkanna skýrist af hnjaski á líkama brotaþola vegna yfirlíðs og krampa frá því fyrr um nóttina. Þessu til viðbótar hverfast varnir ákærða um heimfærslu til refsíákvæðis sem ákært er fyrir, nánar tiltekið að ákærði og brotaþoli hafi ekki verið sambúðarfólk á þeim tíma sem meint brot var framið, sem og að hvorki hafi verið um að ræða endurtekið meint ofbeldi né heldur hafi lífi, heilsu eða velferð brotaþola verið ógnað á alvarlegan hátt í merkingu þess refsíákvæðis sem ákært er fyrir.

Ljóst er að skilja verður verknaðarlýsingu ákærunnar og málatilbúnað ákæruvaldsins að öðru leyti með þeim hætti að ákærða sé gefið að sök meint ofbeldi gagnvart téðum brotaþola sem hafi átt sér stað í einni samfelli hluta úr degi innan þess tímabils og á þeim stað sem greinir í ákæru. Þá hafa skýrslutökur fyrir dómi hverfst um slíka nálgun, auk þess sem málið hefur verið sótt og varið á þeim grundvelli. Er því ekki um að ræða langvinnt ofbeldi samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru. Staðsetning meints brots samkvæmt ákæru er ágreiningslaus og samrýmist gögnum málsins. Þá hefur tímasetning meints brots skýrst betur við meðferð málsins fyrir dómi, einkum út frá framburði ákærða, brotaþola og vitnisins J, vottorði og vætti læknisins C, sem og matsgerð og vætti réttarmeinafræðingsins D. Bendir allt til þess að meint brot hafi átt sér stað aðfaranótt 8. ágúst 2019 og verður það lagt til grundvallar við úrlausn málsins.

Ákærða og brotaþola ber saman um að þau hafi í aðdraganda meints brots fyrr um kvöldið eða nóttina verið að neyta kókaíns með sprautum. Einnig að brotaþoli hafi nokkru síðar um kvöldið eða nóttina, í gönguferð um Elliðaárdal, misst meðvitund um tíma og verið í krampakasti vegna ofneyslu slíkra efna uns hún rankaði við sér. Brotaþoli hefur engar minningar um viðbrögð ákærða á sama tíma, þar með talið hvort hann hafi veitt henni skyndihjálp og hvort hún hafi meiðst í tengslum við þau atvik. Þá ber þeim saman um að deilur hafi síðan orðið á milli þeirra þegar þau voru komin til baka í umrætt húsnæði. Nánar tiltekið að brotaþoli hafi verið ósátt við að ákærði fargaði fíkniefnum,

hún hafi viljað halda áfram slíkri neyslu, sem og að hún hafi viljað fara og hitta annað fólk en ákærði verið því mótfallinn. Að öðru leyti greinir þau að talsverðu leyti á um hvað gerðist í íbúðinni eftir það, þ.e. um meint ofbeldi ákærða og ætluð viðbrögð brotaþola, og er sönnunarstaðan um þau atriði að miklu leyti orð gegn orði. Ákærða og brotaþola ber að öðru leyti saman um að hin síðarnefnda hafi að lokum hringt í föður sinn og hann komið og sótt hana síðar um nóttina. Einnig að hún hafi síðar sama dag verið lögð inn á geðdeild Landspítalans.

Ákærði kannast í aðalatriðum ekki við meint ofbeldi samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru. Í aðalatriðum kannaðist hann við að hafa hrint brotaþola frá sér í upphafi ryskinga svo þau lentu bæði á gólfinu og hann lenti harklega ofan á henni. Þá lýsti hann gagnkvæmum átökum, meðal annars að hann hefði reynt að rífa sig lausan, ýtt við henni á brjóstkassa og andlit en hún tekið á móti. Hún hefði slegið hann í andlitið og hann reynt að sleppa við högginn með því að ýta höfði hennar frá sér. Brotaþoli hefði reynt að bíta hann en hann ýtt henni frá. Hún hefði skallað hann í andlitið stuttu síðar. Ákærði kannaðist við að hafa rífið í brotaþola og ýtt henni frá sér en hún haldið í hann og hann aftur dottið ofan á hana. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa traðkað á líkama hennar. Þá hefði hann ekki kýlt hana og ekki haldið fyrir munn hennar og ekki tekið hana kverkataki. Hún hefði ekki borið hendur fyrir höfuð sér. Hún hefði beðið hann um sleppa sér þegar hann lá ofan á henni og hann á móti beðið hana að hætta og sagt að hún þyrfti að koma sér út. Hann hefði verið klofvega ofan á henni, haldið henni niðri og þannig reynt að koma í veg fyrir að hún myndi skaða hann. Hann hefði öskrað á hana að hætta því sem beindist að honum en ekki að hún ætti að þegja.

Brotaþoli greindi meðal annars frá endurteknum höggum og meintri árás eftir að hún féll niður á gólf. Ákærði hefði beitt fótafli, haldið henni niðri, sparkað í hana, sett hné í bakið á henni og stappað á fæti hennar, læri og hendi. Þá kannaðist hún í öllum aðalatriðum við meint ofbeldi samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru, þar með talið að ákærði hefði kýlt hana ítrekað með krepptum hnefa, traðkað á henni og kýlt hana ítrekað í höfuð, líkama og hendur. Einnig að hann hefði öskrað á hana og tekið fyrir munn hennar, auk þess sem hann hefði tekið hana kverkataki. Þá hefði hún verið með margvíslega áverka á líkamanum á eftir og átt erfitt með að kyngja. Hún hefði hins vegar ekki misst meðvitund.

Þá kannaðist hún ekki við að hafa ráðist á ákærða né heldur að um hefði verið að ræða gagnkvæmar ryskingar þeirra á milli.

Fyrir liggur að sönnunarstaðan í málinu er að talsverðu leyti orð gegn orði. Ákærvaldið styður kröfu sína um sakfellingu í aðalatriðum þeim rökum að framburður ákærða um samskipti sín við brotþola sé ótrúverðugur miðað við gögn málsins og það sem komið hefur fram við sönnunarfærsluna undir rekstri málsins fyrir dómi. Jafnframt byggir ákærvaldið á því að framburður brotþola um meint brot sé trúverðugur og í meira samræmi við gögn málsins. Í þessu sambandi þarf meðal annars að líta til þess hvort framburður ákærða og brotþola í málinu er stöðugur, rökréttur og sennilegur, eins og atvikum er háttáð. Þá á við mat á framburði einnig að líta til atvika að öðru leyti eins og þau birtast í málsgögnum og sönnunarfærslu fyrir dómi. Þegar þessi staða er uppi ræðst niðurstaða málsins af heildstæðu mati á framburði ákærða og brotþola út frá öllum atvikum og gögnum máls, þar með talið samskiptum og atvikum eftir meint brot, sem og líðan og frásögn brotþola, eins og hún birtist öðrum stuttu eftir meint brot. Við sakarmat skiptir máli hversu trúverðugar skýringar ákærða eru á téðum samskiptum við brotþola og hversu trúverðugt sé að hann hafi ekki beitt hana ofbeldi með þeim hætti sem hún hefur borið um. Hið sama á við um framburð brotþola, eftir því sem við á, að breyttu breytanda.

Framburður ákærða og brotþola hefur í aðalatriðum verið með áþekktum hætti hjá lögreglu og fyrir dómi um meint atvik, að því marki sem unnt er að bera þær skýrslur saman. Fyrir dómi kannaðist brotþoli við gönguferð og önnur atvik í Elliðaárdal í aðdraganda meints brots. Greindi hún frá þeim með svipuðum hætti og ákærði, að því marki sem hún mundi eftir þeim. Samkvæmt gögnum málsins var brotþoli ekki á rannsóknarstigi spurð sérstaklega út í ferðir sínar fyrr um kvöldið eða nóttina og framburður ákærða hjá lögreglu um þau atvik var ekki sérstaklega borin undir hana. Að því virtu verður ekki fallist á með ákærða að framburður hennar hafi verið óstöðugur. Samkvæmt framangreindu er það mat dómsins að þau hafi hvort um sig að mestu verið stöðug í framburði sínum um helstu málsatvik, eins og þau horfa við þeim.

Samkvæmt vottorði og vætti læknisins C var brotþoli með áverka sem greinir í ákæru. Læknirinn greindi einnig frá því að brotþoli hefði verið með áverka á hnakka en láðst

hefði að geta þess við frágang læknisvottorðsins. Að mati dómsins má leiða líkum að því að sá áverki geti hafa orðið við fall á jörðina í tengslum við téð atvik í Elliðaárdal, eins og ákærði hefur borið um. Sá áverki er hins vegar ekki hluti af verknaðarlýsingu ákærunnar. Einnig greindi læknirinn frá því að frásögn brotþola um meint ofbeldi, sbr. skráningu í læknisvottorði, hefði samrýmst áverkum sem hún var með og að hún hefði verið trúverðug í þeirri lýsingu. Að framangreindu virtu styður fyrrgreint vottorð og vætti C það í aðalatriðum að brotþoli hafi verið beitt ofbeldi með þeim hætti sem greinir í ákæru og jafnframt að það hafi leitt af sér líkamstjón sem þar greinir.

Samkvæmt matsgerð og vætti fyrrgreinds réttarmeinafræðings var brotþoli með margvíslega áverka á höfði, líkama og útlimum, allt eins og nánar greinir í málavaxtalýsingu. Áverkagreining réttarmeinafræðings styður í aðalatriðum áverkagreiningu læknisins C, að því frátöldu að ekki var unnt að staðfesta áverka á hálsi og þar með ekki framburð brotþola um meint kverkatak. Þá kom meðal annars fram í vætti réttarmeinafræðingsins að umræddir áverkar hefðu verið með mismikið sértæki þannig að þeir hefðu getað skýrst af meintu ofbeldi, sbr. það sem áður greinir með ítarlegum hætti í málavaxtalýsingu um efni matsgerðar. Sumir áverkanna væru hins vegar dæmigerðir eftir hnefahögg, t.d. á andliti hennar. Heilt á litið væri áverkamynd brotþola hins vegar ekki í samræmi við það að hafa hlotist af því að detta á jörðina og fá krampakast.

Samkvæmt öllu framangreindu er það mat dómsins að framburður brotþola fyrir dómi hafi verið einlægur og skýr og hún hafi í öllum meginatriðum verið samkvæm sjálfri sér í frásögn, að því marki sem hún man eftir atvikum. Að auki er framburður hennar að mestu studdur fyrrgreindum læknisfræðilegum gögnum, allt eins og áður greinir. Þá samrýmist framburður hennar vætti J sem bar um að hún hefði verið með áverka og í uppnámi þegar hann sótti hana. Framburður brotþola um meint brot er því heilt á litið trúverðugri en framburður ákærða og verður þar með lagður til grundvallar við sönnunarmatið svo úrslitum ráði í málinu. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi veist með ofbeldi að brotþola með þeim hætti og með þeim afleiðingum sem greinir í þessum lið ákærunnar, að því frátöldu að ósannað er að ákærði hafi tekið hana kverkataki og að hún hafi hlotið mar utan á hálsi vinstra megin. Brotþoli bar sjálf um að hún hefði verið ósátt við ákærða í upphafi téðra atvika. Að þessu virtu og þegar litið er til vættis J, sem bar meðal annars um að ákærði og

brotapoli hefðu öskrað hvort á annað fyrir utan húsnæðið þegar vitnið kom á staðinn, sem og fyrrgreindan framburð vitnisins K um samtal hennar við brotþola eftir á, þar sem fram hefði komið að um hefði verið að ræða gagnkvæmar ryskingar, þykir nægjanlega sýnt fram á að fyrrgreind háttsemi ákærða, sem telst sönnuð, hafi að nokkru marki átt sér stað í ryskingum við brotþola umrædda nótt. Ekkert hefur hins vegar komið fram sem styður það að þau atvik hafi verið af þeim toga að neyðarvarnarsjónarmið geti átt við í málinu sem leysi ákærða undan refsíabyrgð.

Í málinu er ágreiningur um heimfærslu brots til refsíákvæðis. Í fyrsta lagi hvort ákærði og brotþoli hafi verið sambúðarfólk á þeim tíma sem um ræðir og í annan stað hvort brotið hafi að öðru leyti verið af þeim toga að refsíákvæðið eigi við. Hvað hið fyrrgreinda varðar liggur fyrir og er óumdeilt að ákærði og brotþoli höfðu verið kærustupar frá því í desember árið á undan. Þá verður ráðið af framburði þeirra fyrir dómi að þau hafi byrjað saman eftir að hafa kynnst í vímuefnaðferð eða öðru meðferðarstarfi af svipuðum toga. Þá höfðu þau um sumarið 2019, í aðdraganda umræddra atvika, verið saman á ferðalagi erlendis þar sem þau féllu í vímuefnaneyslu. Einnig liggur fyrir að vitnið J, faðir brotþola, þar um að hafa sótt hana umrædda nótt á þann stað þar sem hún bjó og er það sami staður og ákærði var með skráða búsetu. Bendir því allt til þess að þau hafi á þeim tíma verið í nánú sambandi og búið saman á þeim stað sem greinir í ákæru. Hefur ekki þýðingu í þessu samhengi þótt þau hafi ekki verið skráð í sambúd á þeim tíma. Hið sama á við þótt lögheimili brotþola hafi verið skráð á öðrum stað og að ákærði hafi verið skráður leigutaki á umræddu húsnæði samkvæmt þinglýstum húsaleigusamningi. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða. Verður því lagt til grundvallar að þau hafi verið sambúðarfólk á umræddum tíma, eins og lagt er upp með í ákæru.

Hvað varðar heimfærslu á háttseminni til refsíákvæðis að öðru leyti þá er ljóst af vottorði, matsgerð og vætti fyrrgreinds læknis og réttarmeinafræðings, sbr. og fyrri umfjöllun um hvað telst vera sannað í þeim efnum í verknaðarlýsingu ákæru, að ekki varð stórfellt líkams- eða heilsutjón hjá brotþola í merkingu 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b í almennum hegningarlögum. Þá hefur ekki komið nægjanlega fram í málinu að meint brot ákærða hafi að öðru leyti verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt í merkingu lagaákvæðisins, né heldur að önnur skilyrði í niðurlagi ákvæðisins séu uppfyllt. Þrátt fyrir það liggur engu að síður fyrir að um var að ræða röð fjölþætts ofbeldis sem ákærði

beitti brotaþola með talsverðum líkamlegum afleiðingum. Þrátt fyrir að ofbeldið væri ekki langvinnt var grófleiki og hættustig verknaðaraðferða engu að síður með meira móti. Þá verður einnig að taka tillit til þess að brotaþoli var á þessum tíma í einkar viðkvæmri stöðu, fallin í vímuefnaneyslu, og þar með útsettari fyrir ofbeldi. Að öllu áðurgreindu virtu verður lagt til grundvallar að brotaþoli hafi í umrætt skipti, í átökum, sætt harkalegri atlögu með ofbeldi af hálfu ákærða, þáverandi sambýlismanns, á heimili þeirra. Samkvæmt þessu og að teknu tillits til tilgangs með téðu refsíákvæði um brot í nánu sambandi, sbr. lög nr. 23/2016, sem og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 47/2021, liggur nægjanlega fyrir að um var að ræða líkamlegt ofbeldi sem fól í sér endurtekna ógnun við heilsu og velferð fyrrgreinds brotaþola í merkingu refsíákvæðisins. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum.

### 3.

*Varðandi 2. ákærulið:*

Í 2. ákærulið er ákærða gefið að sök stórfellt brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi sambýliskonu, fyrrgreindum brotaþola, sunnudaginn 12. júlí 2020, á heimili þeirra, með því að beita hana ofbeldi, hóta henni lífláti og líkamsmeiðingum og valda henni líkamstjóni, allt eins og greinir í ákæru. Framsetning verknaðarlýsingar í þessum lið ákærunnar er með sama ágalla og áður greinir um 1. ákærulið. Orðalagið tekur í talsverðum mæli mið af almennri framsetningu líkamsárásar en síður af orðalagi þess sértæka refsíákvæðis sem ákært er fyrir. Við lestur ákærunnar er engu að síður nægjanlega ljóst hverjar sakargiftir eru og hefur vörn ákærða ekki verið áfátt vegna fyrrgreindrar framsetningar, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærði neitar sök. Varnir hans eru í aðalatriðum af sama toga og áður greinir um 1. ákærulið. Nánar tiltekið hverfast þær um sönnunaratriði varðandi verknaðarþætti meints líkamlegs ofbeldis, sem og samspil meintra atvika við ætluð gagnkvæm handalögmál eða ryskingar hans og brotaþola, auk þess sem líkamlegar afleiðingar fyrir brotaþola hafi öðrum þræði orðið við þau ætluðu atvik, sem og að hún hafi að einhverju leyti meiðst við það að hann hefði verið að varna því að hún innbyrti lyf. Einnig hverfast varnirnar eins og áður um lagaatriði varðandi heimfærslu til þess refsíákvæðis sem ákært er fyrir. Til viðbótar var vikið að tímabundnu ójafnvægi hans á þeim tíma sem meint brot var framið.

Staðsetning meints brots samkvæmt þessum lið ákærunnar er óumdeild. Samkvæmt gögnum málsins og framburði ákærða og brotaþola, auk vottorðs og vættis E, er allt sem bendir til þess að meint brot hafi átt sér stað aðfaranótt mánudagsins 13. júlí 2020 en ekki sunnudaginn 12. sama mánaðar, eins og greinir í ákæru. Verður hið fyrrgreinda lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Er um að ræða aukaatriði brots og vörnum hefur ekki verið áfátt, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Þá ber ákærða og brotaþola að nokkru leyti saman um aðdraganda meints brots, þ.e. að ákærði hafi ekki verið með lykla að húsnæðinu og að brotaþoli hafði verið að heiman að minnsta kosti frá því fyrr um kvöldið. Þá liggur fyrir að brotaþoli kom heim til sín umrædda nótt eftir að vinur hennar, vitnið I, keyrði hana þangað. Að auki ber brotaþola og ákærða saman um að ákærði var á þeim tíma staddur í húsnæðinu. Þá verður ráðið af framburði þeirra að þeim beri saman um að ákærði hafi verið ósáttur við það að brotaþoli var í samskiptum við annan mann fyrr um kvöldið. Enn fremur ber þeim saman um að brotaþoli hafi reynt að innbyrða lyf í töfluformi sem ekki voru ætluð henni, sem og að ákærði hafi brugðist við með því að fjarlægja töflur með handafli úr munni hennar. Þessu til viðbótar ber þeim að nokkru leyti saman um að þau hafi undir lok meintra atvika lagst saman til hvílu. Að öðru leyti greinir þau í talsverðum mæli á um hvað gerðist á milli þeirra á umræddum stað, þ.e. um meint ofbeldi ákærða og önnur skyld atvik í því samhengi. Sönnunarstaðan um þau atriði er að miklu leyti orð gegn orði. Einnig liggur fyrir samkvæmt framburði brotaþola og vitnisins I að hinn síðarnefndi, að undangengnu símtali frá brotaþola, sótti hana síðar um nóttina og fór með hana á bráðamóttöku Landspítalans og var hún með margvíslega áverka við læknisskoðun á þeim tíma.

Samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi kannast hann við hluta verknaðarlýsingar ákærunnar. Nánar tiltekið að hann hafi skellt brotaþola í rúmið og sest ofan á hana, og hann hafi tekið kotta og sett fyrir vit hennar. Þá kannaðist hann við hótanir um líkamsmeiðingar en það hefði meira verið í formi spurninga og samtvinnað ætluðu rífrildi þeirra á sama tíma. Þá kannaðist ákærði við að hafa rífið niður kertastjaka sem var festur á vegg við rúm þeirra. Ákærði hefur í aðalatriðum gefið þær skýringar á fyrrgreindum atvikum að hann og brotaþoli hafi verið að rífast og þau verið í ryskingum og brotaþoli átt upp-tökin. Hún hafi meðal annars veist að honum og reynt að bíta hann og hrækja á hann og því hefði koddinn verið notaður eins og áður greinir. Þá hefði hann nokkru síðar misst

stjórn á sér og rífið kertastjakann niður og ætlað að ógna henni með honum og kastað stjakanum frá sér svo hann gæti hafa lent óviljandi á læri brotaþola. Að öðru leyti hefur ákærði ýmist ekki kannast við eða talið sig muna eftir öðrum verknaðarþáttum samkvæmt verknaðarlýsingu ákærunnar, eða borið því við að í einhverjum mæli hafi verið um að ræða óviljaverk. Þá kvaðst ákærði ekki hafa tekið eftir áverkum á brotaþola þegar hún kom heim og ekki eftir það sem gerðist á milli þeirra í íbúðinni. Hann sjálfur hefði hins vegar hlotið áverka af völdum brotaþola en ekki leitað sér lækniástoðar.

Eins og áður hefur verið rakið var framburður brotaþola fyrir dómi um meint brot ákærða í aðalatriðum með þeim hætti sem greinir í verknaðarlýsingu ákærunnar að því frátöldu að hún kvaðst ekki muna hvort ákærði reif í hár hennar, hvort hann skellti henni í rúm og hvort hann potaði í auga hennar. Lýsti brotaþoli meintu ofbeldi ákærða eins og það birtist henni í minningarbrotum, þar með talið barsmíðum með kertastjaka á líkama og höfuðsvæði og kverkataki, auk hótana um líkamsmeiðingar og líflát.

Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að sönnunarstaðan er að talsverðu leyti með sama hætti og áður greinir um 1. ákærulið. Stendur að miklu leyti orð gegn orði um meint brot ákærða með því fráviki að ákærði kannast að nokkru leyti við verknaðarlýsingu ákærunnar. Með sama hætti og áður greinir um 1. ákærulið byggir ákærvaldið kröfu sína um sakfellingu í aðalatriðum á því að dómurinn leggi mat á sönnunarstöðu málsins út frá öðrum gögnum þess og leggi mat á trúverðugleika framburðar ákærða og brotaþola.

Framburður brotaþola hefur í aðalatriðum verið með áþekkingu hætti hjá lögreglu og fyrir dómi um meint atvik, að því marki sem unnt er að bera þær skýrslur saman. Þá er ekki innbyrðis ósamræmi í framburði hennar fyrir dómi. Framburður hennar hefur því heilt á litið að mestu verið stöðugur ef frá eru talin þau fyrrgreindu atriði sem hún mundi ekki eftir fyrir dómi. Ákærði var stöðugur í framburði sínu fyrir dómi en samkvæmt málgögnum kaus hann hins vegar að tjá sig ekki um sakarefnið eða mjög takmarkað á rannsóknarstigi málsins. Er því síður unnt að koma við mati á stöðugleika í framburði hans.

Samkvæmt vottorði og vætti læknisins E var brotaþoli með áverka sem geta samrýmst verknaðarlýsingu ákæru. Þá kom fram í vætti læknisins að brotaþoli hefði verið í áfalli við læknisskoðun. Einnig kom fram í vætti læknisins að áverkanir hefðu verið nýlegir og

samrýmst vel frásögn hennar um meint ofbeldi. Eins og áður greinir um vætti E var um að ræða margvíslega og útbreidda áverka sem taldir voru samrýmst endurteknum höggum á líkamann, högg á andlit svo af hlaust nefbrot, auk útbreiddra áverka á fótleggjum og lærum sem hefðu samrýmst frásögn brotaþola um endurtekin högg með kertastjaka. Einnig hefðu marblettir á hálsi og lítil íferð á lunga samrýmst frásögn brotaþola um meinta kyrkingu. Að framangreindu virtu styður fyrrgreint vottorð og vætti E í öllum aðalatriðum að brotaþoli hafi verið beitt ofbeldi með þeim hætti sem greinir í ákæru og jafnframt að það hafi að mestu leitt af sér líkamstjón sem þar greinir.

Samkvæmt matsgerð og vætti fyrrgreinds réttarmeinafræðings var brotaþoli með margvíslega áverka á höfuðsvæði, líkama og útlimum, allt eins og áður er rakið í málavaxtalýsingu. Áverkagreining réttarmeinafræðingsins styður í aðalatriðum læknisvottorð og framburð E. Á þetta meðal annars við um aldur og tilurð áverka, þar með talið að brotaþoli hafi sætt barsmíðum með kertastjaka á læri. Einnig að hún hafi verið með áverka á hálsi og punktblæðingar í slímhúðum augna sem bentu til þess að hún hefði verið tekin kverkataki. Ekki þó með þeim hætti að hún hefði misst meðvitund enda er ekki ákært fyrir slíkt ástand samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru. Matsgerðin og vætti réttarmeinafræðingsins styður hins vegar ekki framburð brotaþola um að hún hafi verið slegin með kertastjaka í höfuðið. Engin frekari rannsókn var gerð á hári sem fannst á haldlögðum kertastjaka og liggur því ekkert fyrir um hvort það var af brotaþola. Ljóst er hins vegar af vætti réttarmeinafræðingsins að heildarmynd af áverkum brotaþola er á þá leið að þeir hafi verið veittir af öðrum manni, allt eins og áður hefur verið rakið.

Samkvæmt öllu framangreindu er það mat dómsins að framburður brotaþola fyrir dómi hafi verið einlægur og skýr og hún hafi í öllum meginatriðum verið samkvæm sjálfri sér í frásögn, að því marki sem hún man eftir atvikum. Að auki er framburður hennar að mestu studdur fyrrgreindum læknisfræðilegum gögnum, allt eins og áður greinir. Þá samrýmst framburður hennar vætti I, en hann bar meðal annars um að brotaþoli hefði hvíslað í símann þegar hún bað hann að sækja sig. Einnig hefði hún verið í miklu uppnámi þegar hún kom í bifreiðina og eitthvað óvenjulegt verið með varir hennar. Þá kom meðal annars fram í vætti rannsóknarlögglumans nr. N að brotaþoli hefði verið miður sín á bráðamóttöku umrædda nótt og mjög trúverðug í frásögn. Hið sama kom fram í vætti lögregluvarðstjóra nr. L. Styður allt framangreint framburð brotaþola um það sem áður

greinir um meint brot ákærða. Hið sama á við um ljósmyndir lögreglu af ummerkjum á vettvangi, sem og vætti lögreglumanns nr. M um hið sama.

Að öllu framangreindu virtu er framburður brotþola og framburður annarra um meint brot heilt á litið trúverðugri og mun betur studdur gögnum en framburður ákærða. Verður framburður hennar um meint brot því að mestu lagður til grundvallar við sönnunarmatið svo úrslitum ráði í málinu. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi veist með ofbeldi og hótunum að brotþola með þeim hætti og að mestu með þeim afleiðingum sem greinir í þessum lið ákærunnar, að því frátöldu að ósannað er að ákærði hafi lamið hana með kertastjaka í höfuðið. Þá verður ákærði einnig með hliðsjón af fyrrgreindu fráviki í framburði brotþola fyrir dómi látinn njóta vafans af því að hafa rifið í hár hennar og skellt henni á rúmið og potað með fingri í vinstra auga hennar. Eru þau atriði verknaðarlýsingarinnar því ósönnuð. Hvað varðar varnir ákærða um gagnkvæm handalögmál eða ryskingar, sem og að fyrrgreindar líkamlegar afleiðingar hafi öðrum þræði orðið við slík ætluð atvik, verður að líta til þess að við rannsókn málsins var ekki athugað hvort ákærði væri með áverka en hann var handtekinn síðar sama dag. Vætti lögreglumanna fyrir dómi skýrði þetta ekki frekar. Í ljósi alvarleika málsins hefði verið eðlilegt að slík líkamsrannsókn færi fram á ákærða. Ákæruvaldið verður að bera hallann af þessu við úrlausn málsins. Verður því lagt til grundvallar að meint brot ákærða hafi að nokkru marki verið framið í ryskingum við brotþola. Ekkert hefur hins vegar komið fram sem styður það að þau atvik hafi verið af þeim toga að neyðarvarnarsjónarmið geti átt við í málinu sem leysi ákærða undan refsí-ábyrgð.

Í málinu er ágreiningur um heimfærslu til refsíákvæðis og birtist hann með sama hætti og áður greinir um 1. ákærulið. Ákærða og brotþola ber saman um að þau hafi verið búsett saman í því húsnæði sem greinir í verknaðarlýsingu en ágreiningur er um hversu náíð sambandið var. Af framburði þeirra beggja verður ráðið að fjarað hafi undan sambandi þeirra um það bili mánuði áður og þau verið að hætta saman sem kærustupar. Samrýmist það að nokkru vætti F og K. Þrátt fyrir framangreint liggur engu að síður fyrir að ákærði og brotþoli voru á umræddum tíma á einn eða annan hátt búin að vera í nánu sambandi frá því í desember 2018, þar af á því tímabili að búa saman í umræddu húsnæði um eins árs skeið. Þá verður ráðið að þau hafi bæði verið með eigur sínar í húsnæðinu og

ákærði talið sig vera í rétti til að hafast þar við, auk þess sem ákærði bar um að hann hefði enn verið að borga húsaleigu á þeim tíma. Samkvæmt framangreindu verður því lagt til grundvallar við úrlausn málsins að brotþoli hafi enn verið sambýliskona ákærða, eins og lagt er upp með í ákæru, þrátt fyrir að samband þeirra hafi ekki verið eins náð og áður.

Hvað varðar heimfærslu á háttseminni til refsíákvæðis að öðru leyti þá er ljóst af vottorði, matsgerð og vætti fyrrgreinds læknis og réttarmeinafræðings, sbr. og fyrri umfjöllun um hvað telst vera sannað í verknaðarlýsingu ákæru, að ekki varð stórfellt líkams- eða heilsu- tjón hjá brotþola í merkingu 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b í almennum hegningarlög- um. Þá hefur ekki komið nægjanlega fram í málinu að meint brot ákærða hafi að öðru leyti verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt í merkingu laga- ákvæðisins, né heldur að önnur skilyrði í niðurlagi ákvæðisins séu uppfyllt. Engu að síður liggur fyrir að um var að ræða röð fjölþætts ofbeldis, ekki þó langvinnt en grófleiki og hættustig verknaðaraðferða var engu að síður með meira móti og með talsverðum líkam- legum afleiðingum fyrir brotþola. Skal þá einnig litið til atvika málsins að öðru leyti, en ákærði veittist harkalega að brotþola á heimili þeirra í framhaldi af því að hún hafði verið að hitta annað fólk. Þá liggur einnig fyrir að brotþoli var á þessum tíma í fíkn- efnaneyslu og staða hennar því sérlega viðkvæm og hún útsettari fyrir ofbeldi. Einnig verður ráðið af því sem fram hefur komið að ákærði hafi verið talsvert vanstilltur og í nokkru ójafnvægi á þeim tíma þar sem samband þeirra var í raun að renna sitt skeið á enda og hann hafi látið það bitna á brotþola. Verður í því sambandi meðal annars ráðið af framburði ákærða fyrir dómi að hann hafi verið sár í garð brotþola yfir því að hún var með öðrum manni fyrr um nóttina. Var árás ákærða í heild sinni til þess fallin að vekja mikla ógn hjá brotþola og er margt sem bendir til þess að hún hafi orðið fyrir verulegu áfalli vegna árásarinnar. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að brotþoli varð fyrir fremur óvæntri og harkalegri atlögu ákærða á heimili þeirra um miðja nótt sem að einhverju leyti leiddi til ryskinga þeirra á milli þar sem hún var að öðru leyti varnarlaus. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af því sem áður greinir um tilgang með téðu refsí- ákvæði um brot í nánu sambandi, sbr. fyrrgreind breytingalög og áðurnefndan hæsta- réttardóm, liggur nægjanlega fyrir að um var að ræða líkamlegt ofbeldi og hótanir sem fólu í sér endurtekna ógnun við heilsu og velferð brotþola í merkingu refsíákvæðisins.

Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum.

4.

*Varðandi 3. ákærulið:*

Í 3. ákærulið er ákærða aðallega gefin að sök tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar, en til vara hótun og hættubrot, með því að hafa beitt hníf, eins og greinir í ákæru. Ákærði kannast við meintar hótanir með því að hafa verið að sveifla eða handleika hníf en neitar sök. Varnir ákærða hverfast um sönnunaratríði og hvað honum gekk til í umrætt skipti. Þá verður ráðið af vörn hans að hann byggi á neyðarvarnarsjónarmiðum, þ.e. að hann hafi verið að verja sig fyrir árás eða ágangi annarra á staðnum.

Fyrir liggur að lögregla lagði hald á umræddan hníf við rannsókn málsins og er skýrsla með ljósmyndum af honum meðal málgagna. Af þeim gögnum verður ráðið að hnífurinn hafi verið beittur. Samkvæmt framburði ákærða var hann á staðnum og dró upp hníf og sveiflaði honum í kringum sig þar sem fólk var nálægt eftir að honum lenti saman við A. Samrýmist það einnig framburði A, auk þess sem vitnið H bar um að ósætti eða ryskingar hefðu blossað upp á þeim tíma. Fyrir liggur að brotapolinn B var á staðnum og fram hefur komið að hann hafi ætlað að nálgast ákærða vegna fyrrgreinda atvika milli ákærða og A. Brotapoli hefur borið um að ákærði hafi reynt að stinga hann tvívegis með umræddum hnífi. Framburður brotapola samrýmist vætti G sem bar um að ákærði hefði í eitt skipti reynt að stinga brotapola með hnífi. Hið sama kom að mestu fram í vætti R en hann lýsti því að hann hefði séð greinilega að ákærði sveiflaði handleggnum í átt að brotapola og hann hefði strax á eftir séð að ákærði hélt á hníf í sömu hendi. Þá hefði hann í beinu framhaldi séð að fatnaður brotapola var skorinn. Framburður þeirra þriggja samrýmist jafnframt vætti P sem bar að mestu um hið sama, þar með talið að ákærði hefði reynt að stinga brotapola með hnífi. Öllum ber þeim saman um að ákærði hafi áfram verið ógnandi þar sem hann hélt á hnífnum. Samrýmist það einnig vætti Q sem virðist hafa komið að atvikum nokkru síðar en hún bar meðal annars um að ákærði hefði verið ógnandi með hnífinn á lofti. Þessu til viðbótar ber þeim öllum saman um að ákærði hafi verið æstur í tengslum við fyrrgreind atvik.

Samkvæmt framangreindu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi að minnsta kosti í eitt skipti reynt að stinga fyrrgreindan brotapola með

hnífi, og að brotapolí hafi náð að víkja sér undan, eins og nánar greinir í ákæru. Ljóst er að árásin var stórhættuleg og var mildi að ekki varð alvarlegt líkamstjón. Ekkert þeirra vitna sem gefið hafa skýrslu í málinu hafa borið um að veist hafi verið að ákærða eða honum ógnað áður en hann lagði til brotapola með hnífnum. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir því að neyðarvörn eða neyðarvarnarsjónarmið séu að öðru leyti uppfyllt, eins og hér stendur á. Um það ber hann í meiri mæli sönnunarbyrðina, eins og áður greinir. Samkvæmt framangreindu verður ákærði sakfelldur fyrir tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar og varðar brotið við 2. mgr. 218. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

## 5.

*Varðandi 4. ákærulið:*

Í 4. ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn 19. gr. lögreglulaga með því að hafa sýnt af sér ógnandi hegðun og óhlýðnast ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að nema staðar og leggjast niður, eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði neitar sök og varnir hans hverfast um sönnunaratriði, að því er varðar verknáðarlýsingu ákæru, og að saknæmisskilyrði séu ekki uppfyllt.

Ákærði hefur meðal annars borið um að hafa numið staðar og lyft höndunum upp. Þá hafi aðstaður verið með þeim hætti að hann hafi ekki skilið eða heyrt öll fyrirmælin sem voru gefin áður en hann var úðaður með piparúða. Samkvæmt upptöku úr bókmyndavél lögreglu verður ráðið að ákærði hafi verið orðinn nær kyrr þegar lögregla hafði afskipti af honum og gaf honum fyrirmæli á Vatnsstíg. Hið sama kom að mestu fram í vætti lögreglumanna nr. S og T. Samrýmist þetta einnig myndefni úr bókmyndavélum lögreglu. Þá kom meðal annars fram í vætti lögreglumanns nr. S að ákærði hefði annaðhvort ekki hlýtt fyrirmælum um að leggjast á jörðina eða hann ekki heyrt fyrirmælin. Getur það einnig samrýmst fyrrgreindu myndefni en af því verður ráðið að hópur fólks hafi elt ákærða og hávaði eða köll hafi verið í umhverfinu, auk þess sem ákærði hafi verið í annarlegu ástandi.

Samkvæmt framangreindu liggur hvorki nægjanlega fyrir að ákærði hafi óhlýðnast fyrirmælum lögreglu um að stansa né heldur að vilji hans hafi staðið til þess að óhlýðnast fyrirmælum um að leggjast niður. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun ekki hafa tekist fyrir því að ákærði hafi óhlýðnast fyrirmælum, eins

og greinir í ákæru, né heldur að ásetningur hafi staðið til óhlýðni eða að atvik séu með þeim hætti að það verði virt honum til gáleysis, eins og hér stendur á. Verður hann því sýknaður af þeim hluta ákærunnar. Þá fellur ekki undir refsinaemi samkvæmt 19. gr. í lögreglulögum að ákærði hafi sýnt af sér ógnandi hegðun og þegar að því virtu verður hann jafnframt sýknaður af þeim hluta ákærunnar.

## 6.

*Varðandi 5. ákærulið:*

Í 5. ákærulið, eins og hann liggur endanlega fyrir, er ákærða gefið að sök að hafa verið með vörslur á 13,63 g af amfetamíni, í sölu- og dreifingarskyni. Ákærði játar vörslur efnanna en þau hafi verið ætluð til eigin nota. Varnir hans hverfast um að nægileg sönnun liggji ekki fyrir um að efnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar.

Samkvæmt gögnum málsins og vætti lögreglumanns nr. S voru efnin í nokkrum litlum plastvösum, ætluðum söluumbúðum, eins og þekkist í málum af þessum toga. Ákærði hefur borið um að hafa nýlega verið búinn að kaupa efnin og hann hafi ekki ætlað að selja þau. Ákærði hefur með framlagningu gagna að nokkru gert grein fyrir reiðufé sem hann var með í fórum sínum og er ekki um að ræða svo mikla fjármuni að þeir geti eingöngu skýrst af sölu fíkniefna, sbr. nánar umfjöllun um upptökukröfu. Þá verður ekki litið fram hjá því að ákærvaldið hefur fallið frá 6. ákærulið, að því er varðar meint peningaþvætti, en sakarefni þess ákæruliðar var efnislega náskylt sakarefni samkvæmt 5. ákærulið. Engir skuldalistar, símagögn eða önnur sýnileg sönnunargögn liggja fyrir sem styðja það að efnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Að mati dómsins er ekki um að ræða svo mikið magn fíkniefna að yfirgnæfandi líkur standi til þess að þau hafi verið ætluð til sölu og dreifingar fremur en að ákærði hafi nýlega verið búinn að kaupa þau til eigin neyslu, eins og hann hefur borið um. Þá getur vætti A um að ákærði hafi verið að selja fíkniefni á þessu tímabili tæplega ráðið úrslitum í þessum hluta málsins, eins og hér stendur á, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008.

Gegn neitun ákærða og þar sem annarra gagna nýtur ekki við þykir lögfúll sönnun ekki hafa tekist fyrir því að umrædd fíkniefni hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Verður ákærði því sakfelldur fyrir vörslur efnanna samkvæmt ákæru en sýknaður af því að þau hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Varðar brotið við 2. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 65/1974, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

*Varðandi 10. ákærulið:*

Í 10. ákærulið, eins og hann liggur endanlega fyrir, er ákærða gefin að sök hylming með því að hafa haft í vörslum sínum reiðhjól, meint þýfi, og haldið því frá eigandanum, eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði neitar sök. Varnir hans hverfast um sönnunatriði, þ.e. að ósannað sé að hann hafi vitað að um væri að ræða þýfi og að ekki liggi fyrir gögn sem staðfesti að hjólið sé illa fengið. Við fyrirtöku málsins fyrir dómi 28. febrúar sl. kvað ákærði sig hafa grunað að reiðhjólið væri stolið. Við aðalmeðferð greindi ákærði meðal annars frá því að hafa daginn fyrir handtöku keypt reiðhjólið af óþekktum manni við Hallgrímskirkju. Áður hefði hann séð hjólið auglýst á vefsíðu þar sem jafnan væri verið að selja ýmiss konar varning fyrir fíkniefni eða peninga. Hann hefði greitt fjörutíu þúsund krónur fyrir hjólið en verðmæti þess verið á bilinu tvö hundruð til þrjú hundruð þúsund krónur. Honum hefði þótt kaupverðið vera of gott til að vera satt en ekki verið að velta því sérstaklega fyrir sér hvort um væri að ræða þýfi. Hann hefði hins vegar ekki keypt hjólið ef hann hefði vitað að það væri þýfi.

Fyrir liggur að um er að ræða nýlegt reiðhjól af gerðinni CUBE. Ekki er vitað um meintan seljanda reiðhjólsins eða að öðru leyti um uppruna þess. Lögregluvarðstjóri nr. CC og lögreglumaður nr. BB báru fyrir dómi báðir um fyrrgreindar skýringar ákærða á rannsóknarstigi, að hann hefði keypt umrætt reiðhjól af óþekktum manni við Hallgrímskirkju. Samkvæmt gögnum málsins, framburði ákærða og vætti fyrrgreinds lögregluvarðstjóra liggur fyrir að búið var að afmá verksmiðjunúmer af stelli reiðhjólsins þar sem það var í vörslum ákærða. Að auki greindi sami lögregluvarðstjóri frá því að búið var að skipta út upprunalegum hnakki reiðhjólsins og það væri almennt séð þekkt aðferð þegar reynt væri að breyta útliti stolins reiðhjóls svo erfiðara væri að rekja það til réttmæts eiganda. Að mati dómsins benda fyrrgreind atriði mjög til þess að umrætt reiðhjól sé illa fengið þýfi. Kaupverð reiðhjólsins miðað við ætlað verðmæti þess, eins og ákærði hefur lýst því, er óvenjulega lágt í almennu tilliti, auk þess sem viðskiptin að öðru leyti, eins og ákærði hefur lýst þeim, benda mjög til þess að hann hafi verið að kaupa þýfi. Að auki verður framburður ákærða fyrir dómi, heilt á litið, ekki skilinn með öðrum hætti en þeim að hann hafi að minnsta kosti látið sér það í léttu rúmi liggja hvort um væri að ræða illa fengið reiðhjól þegar hann keypti það og hafði í vörslum sínum. Viðbárur ákærða um hið gagnstæða eru ótrúverðugar og að engu hafandi við úrlausn málsins. Þá verður einnig að

líta til þess sem fram hefur komið í vætti fyrrgreinds lögregluvarðstjóra og lögreglu-  
manns nr. BB að ákærði var mjög mótfallinn afskiptum lögreglu af umræddu reiðhjóli  
og virtist leitast við að koma því undan lögreglu. Bendir því allt til þess að ákærði hafi  
vitað að hann var með í vörslum sínum illa fengið reiðhjól, andlag undangengis  
auðgunarbrot, og að ásetningur hans hafi staðið til þess að tileinka sér reiðhjólið og  
halda því frá réttmætum eiganda þess.

Samkvæmt framangreindu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir  
þeirri háttsemi sem greinir í þessum lið ákærunnar. Saknæmisskilyrði samkvæmt 18. gr.  
og 243. gr. almennra hegningarlaga eru uppfyllt, eins og hér stendur á. Þar sem ekki  
liggja fyrir staðfestar upplýsingar um frumbrotið, þar með talið hvenær og hvar það var  
framið og hver er réttmætur eigandi reiðhjólsins, er hér um að ræða pútatívt hylmingar-  
brot ákærða. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir tilraun til hylm-  
ingar og varðar brotið við 254. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

## 8.

*Varðandi 11. ákærulið:*

Í 11. ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn lögreglulögum með því að hafa óhlýðnast  
ítrekuðum fyrirmælum lögreglu, eins og nánar greinir í ákæru, þegar lögregla hafði af-  
skipti af honum vegna fyrrgreinds reiðhjóls. Ákærði neitar sök og af vörnum hans fyrir  
dómi verður ráðið að hann byggi á því að honum hafi verið heimilt að verða ekki við  
fyrrgreindum fyrirmælum og að hann hafi verið beittur harðræði af lögreglu. Af fram-  
burði ákærða fyrir dómi verður ráðið að hann kannist að nokkru marki við að hafa  
óhlýðnast fyrirmælum lögreglu og að hann hafi þrifið í reiðhjólið og leitast við að koma  
því undan. Jafnframt að það hafi leitt til þess að hann var handtekinn með valdbeitingu  
lögreglu. Fyrir liggur að lögregluvarðstjóri nr. CC og lögreglumaður nr. BB báru báðir  
um að ákærði hefði óhlýðnast fyrirmælum lögreglu um að færa sig frá lögreglu, hann  
hafi þrifið í reiðhjólið og eigi sinnt fyrirmælum lögreglu um að sleppa taki á því. Sam-  
kvæmt framangreindu telst lögfull sönnun liggja fyrir þeim hluta verknaðarlýsingar  
ákærunnar.

Samkvæmt 19. gr., sbr. 41. gr., lögreglulaga er sú skylda lögð á borgarana að hlýða fyrir-  
mælum lögreglu, að viðlagðri refsíabyrgð. Þá er það meginregla íslenskrar stjórnskipunar  
að enginn geti komið sér hjá því að hlýða yfirvaldsboði í bráð þótt hann vefengi heimildir

stjórnvalda, sbr. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða né heldur að hann hafi verið beittur harðræði af lögreglu. Að framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa óhlýðnast fyrir mælum lögreglu sem greinir í ákæru og er brotið rétt fært til refsíákvæða. Sá hluti verknaðarlýsingarinnar sem lýtur að því að ákærði hafi leitast við að hindra lögreglu við rannsókn á því fellur ekki undir refsineymi samkvæmt 19. gr. lögreglulaga. Þegar að því virtu verður ákærði sýknaður af þeim hluta ákærunnar.

#### 9.

*Varðandi 9., 12., 13., 14. og 15. ákærulið:*

Ákærði hefur játað skýlaust fyrir dómi þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt 9., 12., 13. 14. og 15. ákærulið og er játningin studd sakargögnum. Samkvæmt því verður ákærði sakfelldur fyrir brot samkvæmt fyrrgreindum liðum ákærunnar og eru þau rétt færð til refsíákvæða.

#### 10.

*Varðandi ákvörðun refsingar:*

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 28. desember 2021, á ákærði að baki nokkurn sakaferil frá árinu 2003. Það sem hér skiptir einkum máli er að ákærða var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. nóvember 2021 gert að sæta fangelsi í tíu mánuði, meðal annars vegna brots gegn valdstjórninni, endurtekinna líkamsárása og þjófnaða og nytjastuldar á ökutæki, auk umferðarlagabrota. Þeim dómi var áfrýjað til Landsréttar 30. nóvember 2021 og er málinu ólokið á æðra dómstigi. Hvað varðar eldri refsíávarðanir hefur ákærði margsinnis á tímabili frá 2003 til 2014 verið sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, þar af í eitt skipti eftir að hann náði átján ára aldri þar sem honum var með dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 12. apríl 2013 gerð sex mánaða óskilorðsbundin fangelsisrefsing vegna slíkra brota, auk umferðarlagabrota. Þá var ákærði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. nóvember 2014 sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni og honum gert að sæta óskilorðsbundnu fangelsi í þrjú mánuði. Ekki eru efni til frekari reifunar á sakaferli ákærða.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot samkvæmt 1.–3., 5. og 9.–15. ákærulið, eins og áður greinir. Brotin voru öll framin fyrir uppkvaðningu fyrrgreinds dóms sem er undir áfrýjun. Um ákvörðun refsingar fer samkvæmt reglum um hegningarauka. Ákærði hefur

áður hlotið óskilorðsbundna refsingu fyrir auðgunar- og ofbeldisbrot, sbr. það sem áður greinir um dóma frá 12. apríl 2013 og 12. nóvember 2014. Horfir það og sakaferill ákærða að öðru leyti til refsipýngingar. Brot ákærða samkvæmt 1.–3. ákærulið beindist að mikilvægum hagsmunum og grófleiki og hættustig brotanna var með meira móti. Þá beindust brot samkvæmt 1. og 2. ákærulið jafnframt að fyrrverandi sambyliskonu og ollu henni töluverðu líkamstjóni og vanlíðan, auk þess sem um var að ræða trúnaðarbrot innan vébanda heimilisins. Horfir framangreint til refsipýngingar. Ekkert hefur komið fram sem styður að ástand ákærða hafi verið með þeim hætti að 75. gr. almennra hegningarlaga eigi við þegar hann framdi brot samkvæmt 2. ákærulið. Verður því ekki litið til þess lagaákvæðis við ákvörðun refsingar. Af framburði ákærða og brotþola verður ráðið að hvatir ákærða til brots samkvæmt 2. ákærulið skýrist að nokkru marki af afbrýðisemi og horfir það til refsipýngingar. Þá bera brot ákærða samkvæmt 1. og 2. ákærulið það með sér að ásetningsstig hans hafi verið hátt og horfir það jafnframt til refsipýngingar. Til mildunar horfir að brot samkvæmt 1. og 2. ákærulið voru að nokkru leyti framin í gagnkvæmum átökum. Til málsbóta horfir að ákærði hefur í nokkrum mæli játað sök samkvæmt ákæru. Einnig horfir til málsbóta að ákærði hefur lagt fram gögn sem staðfesta að hann hafi leitað sér aðstoðar með vímuefnaeðferð og annarri endurhæfingu eftir að brotin voru framin.

Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til 1.–3. tl. og 5.–8. tl. 1. mgr. 70. gr. og 78. gr., sbr. 77. gr., almennra hegningarlaga, sbr. og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 47/2021, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Vegna sakaferils og alvarleika brota er ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 17. september 2021 til 10. desember sama ár vegna hluta þeirra mála sem hér hafa verið til meðferðar. Skilyrði frádráttar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga er atriði sem dómurinn gætir að án kröfu. Samkvæmt fyrrgreindum dómi frá 4. nóvember 2021 voru gæsluvarðhaldsdagar frá 17. september sama ár til uppkvaðningardags látnir koma að fullu til frádráttar refsingu samkvæmt þeim dómi. Að því virtu verða þeir dagar ekki látnir koma að nýju til frádráttar þeirri refsingu sem nú er dæmd. Gæsluvarðhald sem ákærði sætti eftir uppkvaðningu þess dóms, þ.e. frá 5. nóvember 2021 til 10. desember sama ár, koma hins vegar til frádráttar refsingu sem nú er dæmd, eins og nánar greinir í dómsorði.

*Varðandi upptökukröfur:*

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir fíkniefnabrot samkvæmt 5. og 9. ákærulið. Ákærði heldur ekki uppi vörnum varðandi það sem eftir stendur af kröfu ákærvaldsins um upptöku á fíkniefnum og lyfjum, sem lagt var hald á. Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 eru gerð upptæk 13,63 g af amfetamíni, 18 töflur af óþekktum læknislyfjum, 1 tafla af lyfinu Mogadon og 5 töflur af lyfinu Broman Sandoz.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar með því að beita hnífi, sbr. 3. ákærulið. Upptökukrafa ákærvaldsins á hnífi tengist sakarefni samkvæmt þeim ákærulið. Ákærði heldur ekki uppi vörnum varðandi framangreinda upptökukröfu. Að framangreindu virtu, og með vísan til 1. mgr. 37. gr. laga nr. 16/1998, verður fyrrgreindur hnífur gerður upptækur.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir tilraun til hylmingar samkvæmt 10. ákærulið. Upptökukrafa ákærvaldsins lýtur að umræddu CUBE-reiðhjóli sem lagt var hald á. Ákærði mótmælir upptökukröfunni. Að mati dómsins hefur ákærði ekki gert sennilegt að hann sé réttmætur eigandi hjólsins með lögmatum hætti. Bendir allt til þess að hjólið sé illa fengið og það sé andlag auðgunarbrots. Samkvæmt framangreindu, og með vísan til 3. töl. 1. mgr. 69. gr. a og 2. mgr. 69. gr. f í almennum hegningarlögum, verður fallist á kröfu ákærvaldsins um upptöku á fyrrgreindu reiðhjóli.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir vörslur á fíkniefnum samkvæmt 5. ákærulið en sýknaður af því að efnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Ákærvaldið hefur fallið frá 6. ákærulið um meint peningapvætti sem var í raun með skírskotun til þeirra peninga sem lagt var hald á, 46.500 króna, þ.e. andlags upptökutökukröfu ákærvaldsins. Ákærði hefur lagt fram gögn sem sýna debetkortafærslu í hraðbanka á fjármunum tveimur dögum fyrir haldlagningu fyrrgreindra peninga með fjárhæð sem er umfram þá fjárhæð sem upptökukrafa ákærvaldsins tekur til. Ekki verður útilokað að uppruna peninganna megi að einhverju leyti rekja til téðrar bankafærslu. Að öllu framangreindu virtu er ósannað að um sé að ræða ágóða af fíkniefnasölu eða annars konar brotastarfsemi. Verður því að hafna kröfu ákærvaldsins um upptöku á fyrrgreindum peningum.

12.

*Varðandi sakarkostnað:*

Vegna framangreindra málsúrslita, og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008, ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jónasar Arnar Jónassonar lögmanns, vegna vinnu fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 5.831.100 krónur, með virðisaukaskatti. Vegna úrslita málsins verður ákærði dæmdur til að greiða tvo þriðju hluta framangreindra málsvarnarlauna en þriðjungur þeirra skal greiðast úr ríkissjóði. Til sakarkostnaðar sem felldur verður að fullu á ákærða er þóknun til áður skipaðs verjanda hans á rannsóknarstigi, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, sem ræðst af tímaskýrslu 703.125 krónur, með virðisaukaskatti, sem og þóknunir til áður tilnefndra verjanda ákærða á rannsóknarstigi, lögmannanna Guðmundar St. Ragnarssonar og Karls Georgs Sigurbjörns-sonar, sem þykja hæfilega ákveðnar 83.700 krónur, með virðisaukaskatti, til hvors lögmanns um sig. Einnig fellur undir sakarkostnað sem felldur verður að að fullu á ákærða þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotapolans A, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 1.800.000 krónur, með virðisaukaskatti, og þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotapolans B, Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, sem ræðst af tímaskýrslu, 1.250.757 krónur, með virðisaukaskatti. Þessu til viðbótar verður annar sakarkostnaðar samkvæmt yfirlitum ákærvaldsins, 508.936 krónur, felldur á ákærða að fullu.

13.

*Varðandi einkaréttarkröfu brotapolans A:*

Við úrlausn á kröfu brotapolans A um miskabætur ber að líta til þess að ákærði hefur tvisvar verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum sem beindust að henni, sbr. 1. og 2. ákærulið. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði tvisvar með ólögmetum og saknæmum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð. Brotapoli á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Verður dómkröfu ákærða um frávísun miskabóta-kröfunnar því hafnað. Við ákvörðun um fjárhæð miskabóta verður litið til grófleika háttseminnar sem þykir með meira móti gagnvart téðum brotapolu, allt eins og áður hefur verið rakið. Ekki hefur sérstaka þýðingu þótt brotin hafi að einhverju marki verið framin í átökum, eins og hér stendur á. Þá er tjón brotapola til þess fallið að vera mikið og er það að nokkru marki stutt gögnum. Að þessu virtu, og með hliðsjón af eðli brots, þykir

fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, og verður ákærða gert að greiða brotþola þá fjárhæð eins og þar greinir. Upphafstími dráttarvaxta miðast við mánuð frá þingfestingardegi málsins, 17. mars 2022. Þá leiðir af fyrrgreindri niðurstöðu um þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotþola að málskostnaður vegna kröfunnar verður ekki dæmdur undir þessum lið málsins.

#### 14.

*Varðandi einkaréttarkröfu brotþolans B o.fl.:*

Við úrlausn á bótakröfu brotþolans B um skaða- og miskabætur ber að líta til þess að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga, sbr. 3. ákærulið. Eru því ekki efni til að vísa bótakröfunni frá dómi. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögmætum og saknæmum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð. Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða. Miskatjón brotþola er stutt vætti og vottorði AA sérfræðings. Miskabætur verða eins og hér stendur á ákveðnar að álitum og með hliðsjón af dómvenju, 500.000 krónur.

Fyrrgreindur brotþoli gerir einnig endanlega kröfu um skaðabætur að fjárhæð 373.000 krónur vegna útlagðs kostnaðar við sálfræðimeðferð. Er um að ræða hækkun á upphaflegri bótakröfu sem nemur 94.686 krónum, sbr. áskilnað um hækkun sem birtist í greinargerð með einkaréttarkröfu. Fyrir liggur að ákærði hefur mótmælt því að fyrrgreind hækkun komist að í málinu. Þá hefur framhaldsákæra ekki verið gefin út til að koma að hækkuninni enda kom hún endanlega fram við framhaldsaðalmeðferð. Ákærði verður ekki dæmdur fyrir aðrar kröfur en greinir í ákæru, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Að framangreindu virtu kemst fyrrgreind hækkun ekki að í málinu og verður þeim hluta kröfunnar vísað frá dómi.

Brotþoli hefur lagt fram gögn sem staðfesta að hann hafi greitt sérfræðingi að minnsta kosti 278.314 krónur vegna sálfræðimeðferðar. Ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæðina né heldur að brotþoli hafi verið í umræddri sálfræðimeðferð. Varnir ákærða hverfast í aðalatriðum um að ekki sé nægjanlega sýnt fram á að umrædd sálfræðimeðferð

hafi tengst sérstaklega afleiðingum sakarefnis samkvæmt 3. ákærulið. Í vætti téðs sérfræðings kom meðal annars fram að brotaþoli væri með sögu um kvíða en umrædd atvik þar sem veist var að brotaþola með hnífi hefðu að öllum líkum verið meginástæða þess að kvíði blossaði upp að nýju og brotaþoli leitaði sér fyrrgreindrar sérfræðiaðstoðar. Það að brotaþoli hafi um langan tíma verið haldinn kvíða eða verið veikur fyrir getur ekki leyst ákærða undan bótaskyldu, eins og hér stendur á. Ákærði verður að bera áhættuna eða hallann af því að brotaþoli reyndist vera viðkvæmur eða veikur fyrir. Skilyrði um sök ákærða, ólögmati, orsakatengsl og sennilega afleiðingu eru nægjanlega uppfyllt, eins og hér stendur á. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða. Að þessu virtu og með vísan til almennu sakarreglunnar verður fallist á kröfu brotaþola um 278.314 krónur í skaðabætur. Brotaþoli nýtur aðstoðar skipaðs réttargæslumanns við meðferð málsins fyrir dómi. Að því virtu dæmist málskostnaður ekki undir þessum hluta málsins.

Samkvæmt öllu framangreindu verður ákærða gert að greiða brotaþolanum B fyrrgreindar skaða- og miskabætur með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við mánuð frá fyrrgreindum þingfestingardegi.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Björgvin Sigmar M. Ómarsson, sæti í fangelsi í átján mánuði. Til frádráttar refsingu með fullri dagatölu kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 5. nóvember 2021 til 10. desember sama ár.

Ákærði sæti upptöku á 13,63 g af amfetamíni, 18 töflum af óþekktum lækislyfjum, 1 töflu af lyfinu Mogadon, 5 töflum af lyfinu Broman Sandoz, CUBE-reiðhjóli og hnífi.

Hafnað er kröfu ákærvaldsins um upptöku á 46.500 krónum.

Ákærði greiði samtals 8.317.618 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs og eru þar innifaldir tveir þriðju hlutar málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Jónasar Arnar Jónassonar lögmanns, sem í heild nema 5.831.100 krónum, þóknun áður skipaðs verjanda ákærða, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 703.125 krónur, þóknun til áður tilnefnds verjanda ákærða, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 83.700 krónur, þóknun til áður tilnefnds verjanda ákærða, Karls Georgs Sigurbjörnssonar lögmanns, 83.700 krónur, þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.800.000 krónur, þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, 1.250.757 krónur, og 508.936 krónur í annan sakarkostnað. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Ákærði greiði A 1.200.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. ágúst 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá 17. mars 2022 til greiðsludags.

Ákærði greiði B 778.314 krónur í skaða- og miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. júlí 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá 17. mars 2022 til greiðsludags. Kröfu B um skaðabætur að fjárhæð 94.686 krónur er vísað frá dómi.

Daði Kristjánsson